

Sandman sýnir
mýkri Gaiman



Hugsar um
ástina sem veru



Lifið > 24

Menning > 26

FRÉTTABLAÐIÐ

191. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR

frettabladid.is

MÍÐVIKUDAGUR 24. ÁGÚST 2022



Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands og Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra voru fyrstu tveir farþegarnir í fyrsta farþegafluginu á rafmagnsflugvél, stutta leið yfir Vesturbæ Reykjavíkur og Álfanesið. Vélin er af gerðinni Pipistrel og er 100 prósent knúin af rafmagni, en það var félagið Rafmagnsflug sem stóð að viðburðinum á Reykjavíkurflugvelli í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Ætluðu sér að hundsa Jón Baldvin

Fyrrum utanríkisráðherra sem braut blað í stuðningi við sjálfstæði Eystrasaltsríkja undrast lítilfengleika íslenskra stjórnvalda og HÍ. Fjórir forsetar ræða frelsi Eystrasaltsríkja í Háskólabíói að honum fjarstöddum.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Íslensk stjórnvöld og Háskóli Íslands buðu ekki fyrrverandi utanríkisráðherra, Jóni Baldvini Hannibalssyni, við skipulagningu hátíðarsamkomu sem fram fer í vikunni með öllum forsetum Eystrasaltsríkjanna um sjálfstæði þjóðanna þriggja. Þetta segir fyrrum samfloksmaður Jóns Baldvins.

Háskóli Íslands og forsetaembættið boða til fundarins í Háskólabíói næsta föstudag til að fagna þremur áratugum af stjórnmálambandi, „eftir að Ísland varð fyrst ríkja til að viðurkenna á ný sjálfstæði Eistlands, Lettlands og Litváens“, eins og segir í tilkynningu.

Jón Baldvin á helst heiðurinn af stuðningnum en Sighvatur Björgvinsson, fyrrum ráðherra og samfloksmaður Jóns Baldvins, segir að á mánudag hafi hann uppgötvað að Jóni Baldvini var ekki boðið til hátíðarinnar.

„Þeir sem hafa undirbúið fundinn hafa vitandi vits haldið Jóni Baldvini frá,“ segir Sighvatur.

Eftir að Sighvatur gerði athugasemd hjá forsetaembættinu fékk



Ég skil ekki af hverju menn eru svo litilsigldir.

Jón Baldvin Hannibalsson

Jón Baldvin boðsbréf, aðeins fjórum dögum fyrir viðburðinn. Ólíðandi er, að sögn Sighvats, að íslensk stjórnvöld komi þannig fram við mann sem hafi verið sýknaður fyrir dómstólum af þungum sökum.

„Honum er útskýfað frá viðburði um sjálfstæði ríkja sem hann átti stærstan persónulegan þátt í að

fengu sjálfstæði. Ríkin sem eiga þarna fulltrúa eru margbúin að veita Jóni æðstu heiðursmerki.“

Jón Baldvin staðfestir að hafa ekki vitað af þinginu fyrr en hann fékk boðsbréf í tölvupósti seint í fyrradag. Þá hafi honum verið boðið að hlýða á fyrirlestur forseta Íslands og hinna forsetanna þriggja frá Eystrasaltsríkjum, en þar sem hann haldi til á Spáni hafi hann ekki getað þegið boðið með svo skömmum fyrirvara.

„Ég skil ekki af hverju menn eru svo litilsigldir,“ segir Jón Baldvin.

Hann bendir á að HÍ sem standi að viðburðinum í Háskólabíói sé sami skóli og hafi sett hann í starfsbann árið 2015, svipt hann kennslu.

„Ég virðist vera í starfs- og framkomubanni.“ ■

Stórviðburður í Þjóðleikhúsinu

MENNING Þjóðleikhúsið mun heimsfrumsýna þrileik eftir Marius von Mayenburg, eitt þekktasta núlifandi leikskáld Evrópu. Ástralski leikstjórinn Benedict Andrews, sem hefur áður leikstýrt í Þjóðleikhúsinu, stýrir tveimur verkanna, Ellen Babić og Ex á leikárinu 2022-2023. Mayenburg mun svo sjálfur leikstýra því þriðja, Alveg sama, haustið 2023.

Að sögn Magnúsar Geirs Þórðarsonar, Þjóðleikhússtjóra, er um stórviðburð að ræða. „Þetta hefur ekki gerst áður, að leikrit eftir heimsfrægt leikskáld sé heimsfrumsýnt á Íslandi. Hvað þá þrileikur,“ segir hann. **SJÁ SÍÐU 21.**

Boozt.com

THE NORDIC DEPARTMENT STORE



2-3 DAGA
AFHENDING



Hafnarfjörður hefur samþykkt hækkun NPA-samninga.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meirihlutinn ekki sammála um NPA

kristinnhaukur@frettabladid.is

HAFNARFJÖRÐUR Fulltrúi Framsóknarflokksins í fjölskylduráði Hafnarfjarðar kaus með Samfylkingu, til að samþykkja hækkun tímagjalds fyrir NPA-samninga fyrir fatlað fólk, eins og NPA miðstöðin hefur farið fram á. Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins, sem situr með Framsókn í meirihluta, sat hjá, en áheyrnarfulltrúi Viðreisnar studdi einnig tillöguna.

Með samþykktinni mun tímagjald samninga í Hafnarfirði taka mið af kjarasamningum NPA miðstöðvarinnar og Eflingar fyrir aðstoðarfólk NPA-notenda. Öll önnur sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu hafa tekið upp þann taxa.

Heildarfjöldi samninga í Hafnarfirði eru 19 og samþykktin er afturvirk til síðustu áramóta. Áætlað er að kostnaðarauki sveitarfélagsins vegna þessa séu um 45 milljónir króna. ■

Sýndu sprengda skriðdreka



Í gær var svokallaður fánadagur Úkraínu og í dag er þjóðhátíðardagurinn. Hátíðahöldin taka hins vegar mið af innrás Rússa og eru viðburðir auglýstir með mjög stuttum fyrirvara. Í miðborg Kænugarðs, á Kresjatik stræti, hafa stjórnmöld raðað ónýtum og yfirgefnum rússneskum skriðdrekum og öðrum hergögnum sem Úkraínuher hefur komist yfir. Framgangur Rússa hefur verið mjög hægur og hafa þeir ítrekað þurft að hörfa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Nóg af leikskólakennurum á Akureyri og nánast enginn biðlisti til staðar

bth@frettabladid.is

AKUREYRI Nánast engin bið er eftir leikskólaplássi á Akureyri, á sama tíma og mikil vandræði eru á höfuðborgarsvæðinu, langir biðlistar, mótmæli og bráðaaðgerðir.

Einu börnin á biðlista fyrir norðan eru börn foreldra sem nýlega hafa flutt eða eru að flytja til Akureyrar.

„Það er nýbúið að opna nýjan og stóran leikskóla, Klappir, og hann svaraði mikilli þörf; svo erum við að vinna að því að taka inn 12 mánaða börn. Við erum líka með allnokkra dagforeldra,” segir Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri.

Athygli vekur hve ástandið er



Ásthildur Sturludóttir, bæjarstjóri á Akureyri.

gott, miðað við að nýlega aðflutt leikskólabörn eru fleiri en þau sem hafa flust í burtu.

Bæjarstjóri segir mikið lán í þessu samhengi að Akureyri glími ekki við manneklu.

„Við eigum ekki við mönnunarfanda að stríða og erum með hátt hlutfall fagmenntaðra starfsmanna.” ■

Syntu í land frá Alcatraz

Þau María Fanndal og Birgir Gíslason unnu sína aldursflokka í Alcatraz Sharkfest Swim, þar sem synt er frá fangelsinu alræmda til lands í San Francisco. Þrátt fyrir hálf ógnvekjandi nafn þá sáu þau enga hákarla, en náðu að skoða fangelsið daginn fyrir keppni.

benediktboas@frettabladid.is

SAMFÉLAG „Þetta var algjörlega meiriháttar. Stórkostlegt sund í alla staði,” segir María Fanndal Birkisdóttir, en hún og Birgir Gíslason syntu frá Alcatraz eyju til lands í svokölluðu Alcatraz Sharkfest Swim. Trúlega þekkja flestir Alcatraz fangelsið, en það er eitt frægasta fangelsi í sögunni og var dvalarstaður Al Capone eftir að hann var handtekinn. María og Birgir unnu bæði sína aldursflokka en þau syntu ekki í blautbúningi. „Það var skemmtilegur bónus,” segir Birgir.

Hann segir að þau hafi verið mætt mjög snemma morguns á keppnisdag og keppendum, sem voru um 800 talsins, var smalað í tvær ferjur sem sigldu að eyjunni þar sem hoppað var út í um 16 gráðu heitan sjóinn. „Svo flautaði skipið og þá rauk maður af stað. Sumir voru þarna til að keppa en aðrir að synda í rólegheitum og njóta þess að taka þátt.”

Sú yngsta sem tók þátt var um 12 ára aldurinn en elsti keppandinn var rétt að skriða í sjötugt. Birgir segir að sjórinn við San Francisco hafi verið töluvert heitari en þau eiga að venjast. „Við syndum hér á Íslandi í 12-13 gráðum en hann var um 16 gráður og það munar mikið um hverja gráðu. Það eru fleiri Íslendingar búnir að synda þetta í gegnum tíðina en þetta var í fyrsta sinn hjá okkur.”

María segir að straumarnir hafi verið sterkari en hún þekkir við Íslandsstrendur. „Sundið sjálf er



Birgir og María í aðdraganda sundsins. Birgir var 43 mínútur sléttar að synda en María var á tímanum 46 mínútur og 13 sekúndur.

MYND/ADSEND



Að sjálfsögðu kíktu þau Birgir og María í skoðunarferð um fangelsið alræmda.

MYND/ADSEND

tímasett þannig að straumarnir eru sem minnstir, en þetta var alveg töluverð áskorun því maður nær ekki að klára sundið áður en byrjar að flæða aftur út úr flóanum og því eins gott að vera sterkur sundmaður til að ná því.“

Þetta var í 29 skipti sem sundið fer fram og þrátt fyrir hrikalegt nafn sáu þau enga hákarla á leiðinni. Þeir halda sig neðar í sjónum þar sem ferskvatn rennur í flóann og vilja ekkert narta í sundgarpana sem synda hjá.

Þau María og Birgir nýttu tímann fyrir sundið og fóru í skoðunarferð um fangelsið. „Það kom manni á óvart hvað allt var stórt en hvað klefarnir voru litlir. Það var ansi nóturlegt að koma þarna,” segir Birgir. María segir að það hafi verið ótrúlegt að upplífa staðinn. „Maður fær alla söguna og að skoða staðinn var magnað.” ■

AYJA - K129

3ja sæta, 2ja sæta og stóll.
Margir litir af áklæði eða leðri.



Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

Nýr Hyundai BAYON

Lyftir tilverunni
á hærra plan



BAYON færir þér yfirsýn og öryggi

Nýr Hyundai BAYON lyftir tilverunni á hærra plan með frábærum aksturseiginleikum, öryggisbúnaði og sparneytinni vél. Þú situr hærra í þessum laglega, lipra og rúmgóða bíl og hefur þannig betri yfirsýn og meiri öryggistilfinningu í umferðinni. Komdu og reynsluaktu nýjum Hyundai BAYON sem er á hreint frábæru verði og tilbúinn í ævintýrin með þér.

Hyundai BAYON. Verð frá: 3.990.000 kr.

www.hyundai.is



Hyundai | Kaptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai býður eina víðtækustu ábyrgð sem til er. Ábyrgð á öllum nýjum Hyundai bílum er sjö ár/150.000 km akstur, hvort sem kemur á undan. Staðbundnir skilmálar gilda. Kaupandi greiðir fyrir reglulegt þjónustueftirlit hjá viðurkenndum aðilum. Kynntu þér allt um ábyrgðina á hyundai.is.



Eldislax má ekki heita íslenskur lax segir Matvælastofnun

gar@frettabladid.is

IDNADUR Matvælastofnun segir aðeins hægt að notast við afurðarheitið „íslenskur lax“ um lax sem veiddur sé með stöng eða neti. Heitið megi ekki nota um eldislax.

Þetta kemur fram í umfjöllun matvælaráðuneytisins um kæru frá ónefndu fyrirtæki sem sætti sig

ekki við ákvörðun Matvælastofnunar um synja ósk þess um vernd fyrir afurðarheitið „íslenskur lax“.

Matvælastofnun boðaði í júní í fyrra að umsókninni yrði hafnað. Sagðist fyrirtækið þá vilja fá afhentar umsagnir annarra aðila sem stofnunin hefði aflað og krafðist þess til vara að afurðarlýsingin næði einnig til eldislax af íslenskum



Eldislax í sjókví.

MYND/ERLENDUR GÍSLASON

stofni og að verndin myndi bæði vísa til landsvæðis og uppruna. Þá taldi fyrirtækið að Matvælastofnun hefði ekki sinnt skyldu sinni til að rannsaka málið með því að afla umsagna.

Matvælastofnun sagðist ekki hafa þurft að afla umsagna þar sem umsókn fyrirtækisins hafi verið ófullnægjandi. Matvælaráðu-

neytið segir að hafi svo verið hafi átt að gefa fyrirtækinu tækifæri til lagfæringa áður en umsóknin var afgreidd. Síðan hafi átt að senda hana til umsagnar Einkaleyfastofu og Samtaka atvinnulífsins eins og lög mæli fyrir um. Þess vegna sé ákvörðunin felld úr gildi og Matvælastofnun gert að taka málið fyrir að nýju. ■

Kólnun hafin á fasteignamarkaði

benediktboas@frettabladid.is

FASTEIGNIR Fyrstu merki um kólnun á fasteignamarkaði eru farin að birtast. Á höfuðborgarsvæðinu fór framboð íbúða minnkandi út júlí þvert á væntingar, en í ágúst hefur það hins vegar aukist hratt eða úr 700 í 905 á aðeins 20 dögum. Þetta segir í mánaðarskýrslu hagdeildar Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

Segir að kaupsamningar hafi ekki verið færri síðan í apríl 2015 miðað við sex mánaða meðaltal. Þótt íbúðum sem seljist yfir ásettu verði hafi ekki fækkað mjög, þá hafi orðið talsverð fækkun á íbúðum sem seljast 5 prósentum eða meira yfir ásettu verði. Íbúðir seljist þannig síður mikið yfir ásettu verði. ■

ON vill ekki tjá sig um ásakanir

gar@frettabladid.is

ORKUMÁL Breki Logason, samskiptastjóri Orku náttúrunnar, segir fyrirtækið ekki vilja tjá sig um ásakanir sem Hulda Guðmundsdóttir, bóndi á Fitjum í Skorradal, setti fram í Fréttablaðinu í gær.



Breki Logason, samskiptastjóri ON.

Hulda sagði Orku náttúrunnar bæði hafa farið með rangt mál og komið óheildarlega fram, í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir við Andakilsárvirkjun, þar sem til stendur að grafa upp úr inntakslóni og hækka og endurgera stíflur. ■

Sálrænir erfiðleikar hrjá gerendur í mörgum manndrápsmálum undanfarið. Geðhjálp segir um of byggt á lyfjum sem úrræði.

bth@frettabladid.is

SAMFÉLAG Í norrænni skýrslu um banvænt ofbeldi síðustu áratugi kemur fram að geðræn vandamál séu nokkuð tíð í manndrápsmálum hér á landi.

Meðal nýlegra mála eru íkveikjan á Bræðraborgarstíg sem olli bana þriggja, Barðavogsmálið svokallaða þar sem maður var myrtur með barefli og Blönduóssmálið nú.

17 prósent manndrápa á Íslandi enda, samkvæmt skýrslunni, í ósakhæfi vegna geðkvilla sem er í samanburði við hin Norðurlöndin hátt hlutfall.

Langflest morð hér á landi eru samkvæmt skýrslunni framin í Reykjavík. Harmleikurinn á Blönduósi um síðustu helgi er því ekki dæmigert tilvik, enda oft haldið fram að öryggi íbúa sé meira úti á landi en á höfuðborgarsvæðinu. Til eru svokallaðir heitir reitir samkvæmt skýrslunni, þar sem manndráp eru oftast framin, tiltekin hverfi í Reykjavík eru til marks um það.

Algengast er að gerendur í morðmálum undanfarinna ára séu karlar, oftast á vinnualdri en án atvinnu. Gerendur eru oft undir áhrifum efna eða lyfja. Óvíst er hvort skotmaðurinn á Blönduósi var á lyfjum eða undir áhrifum efna. Beðið er niðurstöðu úr krufningarskýrslu.

Grimur Atlason, framkvæmdastjóri Geðhjálp, segir að umfang geðheilbrigðismála sé um 25 prósent af heilbrigðiskerfinu en fjármagn til málaflöksins sé aðeins 4,6-4,7 prósent, samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar og gagna OECD. Telur Grímur að aukið fjármagn til málaflöksins gæti fækkað alvarlegum glæpum?

„Það þarf að hafa í huga að ef



Meðal manndrápsmála undanfarið þar sem grunur leikur á geðveilu eru íkveikjan á Bræðraborgarstíg sem olli bana þriggja, Barðavogsmálið þar sem maður var myrtur með barefli og Blönduóssmálið nú. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Það þarf að hafa í huga að ef einhver sem haldinn er geðrænum kvilla fremur glæp, er erfitt að fullyrða að ástæða glæpsins sé geðrænn kvilli.



Grimur Atlason framkvæmdastjóri Geðhjálp



Lineik Anna Sævarsdóttir formaður velferðarnefndar

einhver sem haldinn er geðrænum kvilla fremur glæp, er erfitt að fullyrða að ástæða glæpsins sé geðrænn kvilli,” svarar Grímur.

Hann bendir á að fólk sem búi við geðrænar áskoranir sé oft einnig jafarsett, í fátæktargildu, búi illa. „Þetta eru utanaðkomandi þættir sem vega þungt.“

Grimur segir að margs konar ofbeldisverk eigi sér stað í stjórnsýslu, stundum vegna geðrofs eftir fíkniefnaneyslu eða ofurölvun. „Við heyrum af þessum málum

allar helgar,” segir Grímur og varar við stimplun.

Grimur segir þó morgunljóst að geðmálin séu vanfjármagnaður málaflökkur svo áratugum skipti. Annar vandi sé að geðmeðferð á Íslandi byggji um of á lyfjagjöf en ekki samtalsmeðferð eða öðrum úrræðum.

Margrét Valdimarsdóttir, dósent í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri, varar einnig við stimplun. Hún bendir á að margt fólk stríði við geðrænan vanda án þess að beita ofbeldi.

Fréttablaðið náði tali af Lineik Önnu Sævarsdóttur, formanni velferðarnefndar, en heilbrigðismál heyra undir nefndina. Lineik sagðist vegna annríkis og fundahalda austur á landi ekki hafa tíma til að svara spurningum blaðsins um geðvernd og ofbeldi. ■

Háaleitisbraut þrengd og beygjuakreinar lagðar niður


gar@frettabladid.is

SKIPULAGSMÁL Fækka á akreinum á Háaleitisbraut ofan Bústaðavegar úr fjórum í tvær og leggja af tvær beygjuakreinar. Framkvæmdir vegna þessa hefjast í september. Umferð verður tímabundið beint um Áland ofan Borgarspítala og Fossvogsvog neðan spítalans.

„Rökin fyrir því að þrengja Háaleitisbrautina eru nokkur,” segir í svari frá Reykjavíkurborg til Fréttablaðsins. „Ekki er metin þörf á því að hafa 2+2 akreinar á þessum vegi með tilliti til umferðarmagns sem um þennan veg fer,” segir í svarinu. Akvegurinn verður því með einni akrein í hvora átt.

„Þar sem loka á framhjálaupi í gatnamótum við Bústaðaveg verður Háaleitisbraut einnig þrengd um eina akrein til norðurs, að öðru leyti verður áfram sami akreinafjöldi og nú í aðdraganda gatnamótanna.“

Gatnamót Bústaðavegar og Háaleitisbrautar



Öryggisatriði sé að huga að gangandi og hjólandi vegfarendum sem þessar aðgerðir snúist um, ekki verði átt við akreinafjölda á Bústaðavegi.

„Nema að lögð verða niður tvö framhjálaup í gatnamótunum, líkt og gert var á gatnamótum Grensás-

vegar og Bústaðavegar.“

Beygjuakreinar – eða framhjálaupin – sem hverfa, eru annars vegar frá Háaleitisbraut vestur Bústaðaveg þegar komið er niður Háaleitisbraut og hins vegar frá Háaleitisbraut austur Bústaðaveg þegar ekið er frá Borgarspítalanum. ■

OMEGA-3 COLLAGEN

HREIN ÍSLENSK FÆÐUBÓT

HJARTA OG ÆÐAKERFI



Í POKUM FYRIR LÁGMARKS KOLEFNISSPOR

ARCTIC HEALTH

AHL.IS

SUZUKI ACROSS

PLUG-IN
HYBRID

SUZUKI ACROSS PLUG-IN HYBRID ER SPARNEYTINN,
UMHVERFISVÆNN OG ÖFLUGUR SPORTJEPPI

VERÐ KR.
8.990.000



SUZUKI
5
ÁRA
ÁBYRGÐ

4X4

SUZUKI ACROSS
FJÓRHJÓLADRIFINN

Hámarks skilvirkni og ríkuleg akstursánægja sameinast
í fjórhjóladrifna tengiltvinnbílnum Suzuki Across.

FLUTT MEÐ
EIMSKIP

Söluumboð Suzuki á landsbyggðinni:

Akureyri: Bílaríki, Lónsbakka.

Egilsstaðir: Bílaverkstæði Austurlands ehf, Miðási 2.

Hvolsvöllir: Viðskiptaþjónusta Suðurlands, Ormsvöllir 7.

Ísafjörður: Bílatangi ehf., Suðurgötu 9.

Reykjanesbær: K. Steinarsson, Holtsgötu 52.



● Fáðu nánari upplýsingar á [suzuki.is](https://www.suzuki.is)



Suzuki á Íslandi



YouTube

Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100

Blaðamaður myrtur eftir færslu

arnartomas@frettabladid.is

MEXÍKÓ Mexíkóski blaðamaðurinn Fredid Roman var skotin til bana á mánudag, eftir að hafa birt færslu á netinu um hvarf 43 námsmanna fyrir átta árum.

Færslan beindist að atburði þar sem 43 námsmenn hurfu árið 2014 þegar þeir voru á leið til mótmæla. Þeir voru að sögn handteknir af lög-reglumönnum, sem áttu í samráði við skipulagða glæpastarfsemi.

Nokkrum tímum áður en hann var myrtur birti Roman færslu á Facebook þar sem hann minntist á meintan fund fjögurra embættismanna sem átti sér stað þegar námsmennirnir hurfu. Þar á meðal fyrrverandi dómsmálaráðherra Mexíkó.

Roman er fimmtándi blaðamaðurinn sem hefur verið myrtur



Mexíkó er eitt hættulegasta land heims fyrir blaðamenn.

í landinu það sem af er ári, samkvæmt mexíkóskum fjölmiðlum. Fréttamenn án landamæra telja Mexíkó hættulegasta landið þar sem ekki geisar stríð, en um 150 blaðamenn hafa verið myrtir þar frá árinu 2000. ■



Lindoso vatnsbólið í Ourense héraði á Spáni er að þorna upp. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Versti þurrkur Evrópu í hálf t árþúsund

arnartomas@frettabladid.is

EVROPA Evrópa stendur frammi fyrir sínum verstu þurrkum í að minnsta kosti 500 ár, samkvæmt nýútgefinni skýrslu Evrópska þurrkaeftirlitsins. Þar er varað við hættu á, og vegna þurrka á, um tveimur þriðju hlutum Evrópu.

„Þeir miklu þurrkar sem hafa haft

áhrif á mörg svæði í Evrópu frá áramótum hafa stækkað enn frekar og versnað frá og með byrjun ágúst,“ segir í skýrslu stofnunarinnar sem rekin er á vegum Evrópusambandsins.

Áhrif þurrkanna eru fjölþætt en þau geta meðal annars verið skaðleg fyrir náttúru og lífríki, landbúnað og raforkuframleiðslu. ■

Fjórðungur af íslenskum miðaldasögum sé glataður

Samkvæmt nýrri fjölþjóðlegri rannsókn byggðri á vistfræði, hafa vísindamenn reiknað út hversu stór hluti miðaldasagna hafi varðveist. Ísland kemur ágætlega út í rannsókninni.

kristinnhaukur@frettabladid.is

VÍSINDI Ný líffræðileg rannsókn á miðaldahandritum gerir ráð fyrir að um fjórðungur íslenskra miðaldasagna sé glataður. Þetta er skárri hlutfall en mælist víða annars staðar í Evrópu, þar sem gert er ráð fyrir að allt að 70 prósent sagna séu glötuð.

Hin fjölþjóðlega rannsókn ber titilinn Forgotten Books: The application of unseen species models to the survival of culture, og var leidd af Mike Kestemont hjá Háskólanum í Antwerpen. Ólíkt öðrum rannsóknnum á miðaldasögum byggðist hún á líffræðilegri, það er vistfræðilegri aðferð, sem hin taivanska Anne Chao við Tsing Hua háskóla próaði. Hún er einn af meðhöfundum rannsóknarinnar. Þrátt fyrir að íslenskar sögur væru til rannsóknar kom enginn íslenskur fræðimaður að henni.

Hin vistfræðilega aðferð Chao gengur út á að finna fjölda þeirra tegunda sem sjást ekki í venjulegum rannsóknnum, byggt á þeim vísbendingum sem finnast í gögnunum. Til að aðferðin myndi ganga upp þurfti að líta á hverja miðaldasögu sem tegund lífveru og hvert handrit sem tilfelli þar sem sú tegund sást.

Með aðferðinni var hægt að kortleggja hvert málsvæði sem var til rannsóknar líkt og einstök vistkerfi. Það er sögur á ensku, frönsku, þýsku, hollensku, írsku og íslensku. Einnig að áætla gróflega hversu stór hluti af miðaldasögum frá hverju svæði hefur varðveist til dagsins í dag. Hvað Ísland varðar voru til rannsóknar Íslendingasögur, fornaldarsögur og riddarasögur.



Silvia Hufnagel rannsakar pappir og vatnsmerki í íslenskum handritum á Árnastofnun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Hlutfall varðveislunna á Íslandi er næsthæst á eftir Írlandi.

Samkvæmt rannsókninni hefur mest varðveist á Írlandi, á bilinu 73 til 81 prósent. Þar á eftir kemur Ísland með 72 til 77 prósent. Höfundar rannsóknarinnar velta því fyrir sér hvort að staðsetning Írlands og Íslands sem eyjur, og fólksfæð, hafi hjálpað til við að halda utan um sagnaarfinn.

Á móti því kemur að verst hafa

miðaldasögur varðveist í Englandi, aðeins á bilinu 31 til 39 prósent, þrátt fyrir að England sé eyja.

Kestemont og félagar reiknuðu það einnig út að 65 til 79 prósent þýskra miðaldasagna hefðu varðveist, 37 til 53 prósent franskra og 42 til 49 prósent hollenskra.

Alls gerðu þeir ráð fyrir að um þriðjungur allra miðaldasagna sé glataður og mikill meirihluti, um 90 prósent, allra handrita sem þar voru ritaðar á.

Hvert íslenskt skólabarn lærir það að mörg af íslensku handritunum voru endurnýtt í nauðsynjavörur, svo sem klæðnað. Einhver hluti hefur svo glatast í húsbrunum eða einfaldlega morknað í slæmum geymslum. Sum handrit Árna Magnússonar brunnu í Kaupmannahöfn árið 1728.

Það sama á við um handrit annars staðar í álfunni. Sum brunnu eða morknuðu. Önnur voru skorin niður og endurnýtt í klæðnað eða notuð til þess að pakka kjöti. ■

Löndin fimm eiga öll landamæri að Rússlandi



Fimm ríki vilja banna komu Rússa

kristinnhaukur@frettabladid.is

LITÁEN Samkvæmt Gabrieli Landsbergis, utanríkisráðherra Litáens, eru fimm ríki að íhuga að mynda bandalag til að banna vega- bréfsáritanir rússneskra ríkisborgara. Auk Litáen eru þetta Finnland, Pólland, Lettland og Eistland. En hið síðastnefnda hefur þegar stöðvað áritanir Rússa.

„Heildarlausn fyrir allt Evrópusambands svæðið yrði besta og laga- lega réttasta leiðin,“ sagði Landsbergis við fréttastofuna AP. „En ef slík lausn næst ekki útilokum við ekki lausn fyrir þetta svæði.“

Löndin fimm eiga öll landamæri að Rússlandi og rússneskir ferðamenn hafa streymt yfir landamærin og inn á Schengen svæðið

alveg síðan stríðið í Úkraínu hófst fyrir hálfu ári. Evrópusambandið hefur sett á flugbann og hafnbann en verið tregt til þess að banna vega- bréfsáritanir.

Sanna Marin, forsætisráðherra Finnlands, hefur til dæmis sagt að það sé ekki réttlátt að rússneskir ferðamenn geti spókað sig um í Evrópu á meðan Rússar heyja blóðugt stríð í Úkraínu. Olaf Scholz, kanslari Þýskalands, er meðal þeirra sem ekki hafa viljað banna komu rússneskra ferðamanna. Einnig Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir, utanríkisráðherra Íslands.

Þann 31. ágúst fer fram óformlegur fundur allra utanríkisráðherra Evrópusambandsríkjanna. Málið mun verða tekið fyrir á þeim fundi. ■

Vilt þú sitja ASÍ þing fyrir VR?

VR óskar eftir frambjóðendum meðal félagsfólks á framboðslista stjórnar og trúnaðarráðs félagsins.

Ákveðið hefur verið að viðhafa listakosningu með allsherjaratkvæðagreiðslu um þingfulltrúa VR á þing **Alþýðusambands Íslands dagana 10.–12. október** næstkomandi.

Ef þú vilt gefa kost á þér á listann sem þingfulltrúi VR á þinginu vinsamlega sendu tölvupóst á **anna@vr.is fyrir kl. 12.00 á hádegis þann 1. september** næstkomandi með upplýsingum um nafn, kennitölu og starfssvið.

Þar sem fjöldi er takmarkaður er ekki hægt að lofa að öll sem bjóða sig fram muni hljóta sæti á listanum. Einnig verður stillt upp lista varapingfulltrúa sem oftar en ekki þarf að grípa til þar sem algengt er að fólk heltist úr lestinni er nær dregur.

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

VR



HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

husa.is

Gildir líka
í vefverslun



Sendum timbrið heim á
höfuðborgarsvæðinu

Pallaefni

Fúavarin fura - Gerðu verðsamanburð
Lægra verðlistaverð og 35% afsláttur


35%

afsláttur

Gildir til 5. september

Við skilum lækkunum á timbri áfram til viðskiptavina

Húsasmiðjan lækkaði verð á timbri um allt að 16% í júlí. Þá lækkaði pallaefni (fúavarin fura) um 7% og nú bjóðum við **35% afslátt** að auki á Palladögum Húsasmiðjunnar.



Aðgerðir Seðlabankans eru farnar að hafa áhrif á fasteignamarkaðinn en þó má búast við að þau áhrif komi ekki fram af fullum þunga fyrir en í haust.

FRÉTTABLAÐID/VILHELM

Margt bendi til að verðbólgan sé búin að toppa

Aðalhogfræðingur Arion banka segir að ýmislegt bendi til þess að verðbólgan sé búin að toppa en þó megi lítið út af bregða til að staðan verði önnur. Greinandi Jakobsson Capital segir ástæðuna fyrir því að hún sé búin að toppa vera mikla lækkun á eldsneytisverði og vísbendingar um að hægst hafi á fasteignamarkaðinum.

magdalena@frettabladid.is

Verðbólguþrár viðskiptabankanna gera ráð fyrir að verðbólgan sé að toppa eða við það að toppa. Allar spánnar byggja á ákveðnum forsendum um eldsneytisverð, gengi krónunnar, húsnæðisverð og verðbólgu í okkar helstu viðskiptalöndum.

Í tölum Hagstofunnar sem birtar voru í lok júlí kom fram að ársverðbólgan hafi staðið í 9,9 prósentum en nýjar tölur verða birtar í lok ágúst.

Arion banki spáir því að vísitala neysluverðs hækki um 0,4 prósentu-stig milli mánaða í ágúst. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan standa í stað í 9,9 prósentum. Aðalhogfræðingur Arion banka segir að útlit sé fyrir að toppi verðbólgunnar sé náð en þó megi lítið út af bregða.

„Í ljósi þess að toppurinn er flatur í 9,9 prósentum fram á vetur þarf lítið út af að bregða til að hann hliðrist og fari í tveggja stafa tölu,“

segir Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhogfræðingur Arion banka, og nefnir sem dæmi að ef útsölulok komi fram af meiri þunga í ágúst en gert var ráð fyrir, myndi það þýða 10 prósentu verðbólgu strax í ágúst.

„Að þessu sinni vegur eldsneytisverð til lækkunar vísitölunnar, þó umræðan hér á landi beri þess ekki endilega merki, sem og flugfargjöld til útlanda. Þá benti mæling þjóðskrár á vísitölu íbúðaverðs til nokkuð minni húsnæðisverðshækkana en undanfarna mánuði,“ segir Erna og bætir við að það séu vísbendingar um að fasteignamarkaðurinn sé farinn að róast. Vísitalan hækkaði um 1,1 prósent sem er mun minni hækkun en síðastliðna mánuði.

„Vissulega er aðeins um einn mánuð að ræða, og það sumarfrismánuð flestra landsmanna, en engu að síður er ég þeirrar skoðunar að mælingin gefi vísbendingu að framhaldinu og að hægja muni hratt á markaðinum eftir því sem líða tekur á árið.“

Erna bendir á að mikil tímátöf sé í tölunum sem byggja á þinglýstum kaupsamningum og þriggja mánaða meðaltali. Það þýði að áhrifa af aðgerðum Seðlabankans í júní sé ekki farið að gæta að neinu ráði.

„Vaxtahækkunin í júní og hertar lánareglur í kjölfar ákvörðunar fjármálastöðugleikaneftar, eru farnar að hafa áhrif en þau munu ekki koma fram af fullum þunga í opinberum tölum fyrir en í haust.“

Greinendur Jakobsson Capital

Kjarasamningarnir óvissuþáttur

Snorri segir að ef einblínt sé á fasteignamarkaðinn og innflutta verðlagið, þá megi búast við því að verðbólgan sé að ná hámarki núna en þó séu kjarasamningarnir mikill óvissuþáttur.

„Um þessar mundir er mjög lítið atvinnuleysi svo ég held að samningsstaða verkalyðshreyfingarinnar sé nokkuð sterk og það gæti orðið töluverður þrýstingur á launahækkun.“

Erna segir að margt bendi til þess að kjarasamningslotan í haust verði ansi strembin.

„Þetta er erfiður tími til að ganga inn í kjarasamninga, verðbólgan er mikil, vextir að hækka, húsnæðisverð hátt og mikil spennan á vinnumarkaði, í formi lítills atvinnuleysis og vaxandi vinnuaflosskorts,“ segir Erna og bætir við að verðbólguvæntingar hafi hækkað og allt þetta auki hættuna á vixlverkun launa og verðlags.

„Verði samið um brattar launahækkningar er hættu á að þeim verði í einhverjum tilfellum velt beint út í verðlagið, sem myndir undir verðbólgu og festir hana frekar í sessi. Of miklar launahækkningar, langt umfram framleiðnivöxt, geta einnig grafið undan samkeppnishæfni landsins, veikt krónuna og þannig haft áhrif á verðbólgu,“ segir Erna og bendir á að atvinnugreinar komu misvel undan heimsfaraldrinum, sem geri þetta að sérstaklega vandasömu verkefni.

”

Ég geri ráð fyrir að við séum búin að sjá toppinn, ekki nema eitthvað komi upp á.



Snorri Jakobsson, greinandi hjá Jakobsson Capital

gera ráð fyrir að tólf mánaða verðbólgan muni mælast 9,8 prósent í næstu tölum Hagstofunnar.

Snorri Jakobsson, greinandi hjá Jakobsson Capital, segir ástæðuna fyrir því vera mikil lækkun á eldsneytisverði og vísbendingar um að hægst hafi á fasteignamarkaðinum.

„Ágústmánuður hefur verið lágur í verðbólgu vegna þess að þá eru að koma inn áhrifin af útsölunum og slíkt,“ segir Snorri og bætir við að þróun fasteignaverðs sé lykildreyta. „Þróun fasteignaverðs mun skipta öllu máli. Verðbólgan án húsnæðis er töluvert lægri og það mun skipta miklu máli. Síðan eru áframhaldið lækkunar á hrávörumörkuðum sem benda til þess að innflutt verðbólga verði minni svo í rauninni beinast öll spjót að fasteignamarkaðnum,“ segir Snorri og bendir á hann hafi verið að keyra áfram verðbólgu að undanfögnu.

„Ég geri ráð fyrir að við séum búin að sjá toppinn, ekki nema eitthvað komi upp á.“

Erna segir að ef hægja muni á hækkunum á húsnæðismarkaðinum muni það hafa veruleg áhrif á verðbólgu þar sem húsnæðisverð hafi verið helsti drifkraftur hennar. „Sem dæmi, í júlí mátti rekja

”

Það verður að viðurkennast að verðbólgu-greinendur hafa átt í stökustu vandræðum með að fanga þróunina undanfarið ár.



Erna Björg Sverrisdóttir, aðalhogfræðingur Arion banka

nánast helming verðbólgunnar til fasteignaverðs svo það segir sig sjálft að ef markaðurinn róast og hægir á fasteignaverðshækkunum mun draga úr verðbólgunni, að öðru óbreyttu.“

Erna bætir við að þróun verðbólgunnar sýni að mistekist hefur að spá fyrir um þróun hennar.

„Það verður að viðurkennast að verðbólgu-greinendur hafa átt í stökustu vandræðum með að fanga þróunina undanfarið ár.“

Erna segir að þróun verðbólgunnar erlendis sé áhyggjuefni.

„Það sér ekki fyrir endann á orkukrisunni í Evrópu en ný spá Citigroup gerir ráð fyrir 18 prósentu verðbólgu í Bretlandi í byrjun næsta árs. Staðan er ekki mikið betri á meginlandinu en þar er verð á gasi 14 sinnum herra en að meðaltali síðastliðinn áratug og engin skýr lausn í sjónmáli. Áhrifin á heimilisbókhald evrópskra heimila eru mikil, en ekki síður á framleiðslu,“ segir Erna og bætir við að í ljósi þess að við eigum mikil viðskipti við Evrópu sé hættu á að við munum halda áfram að flytja inn umtalsverða verðbólgu á komandi mánuðum. ■

2022



Einstaklega þægilegur í akstri
og kraftmikill bíll

Volkswagen ID6

Fyrsta sending kemur í september



Sæti	Drif	Eldsneyti	Mótor	Felgur	Drægni	Verð
7 Manna	Afturhjóla	Rafmagn	204Ps[150kw]	20"	565km	8.890.000
6 Manna	4WD	Rafmagn	313Ps[230Kw]	21"	565Km	9.990.000

Með fyrstu 12 bílunum sem seljast fylgja aukalega nagla eða vetrardekk/heilsársdekk.
Hér er á ferðinni Einn Með Öllu

2022



Mitsubishi Eclipse Cross Phev



Drif	Eldsneyti	Hö	Drægni	Verð
4WD	Bensín/Rafmagn	204	45km	5.990.000

SmartBílar Bíldshöfða 20 S:5460088

Smartbilar@smartbilar.is www.SmartBilar.is



Færri íbúðir uppfylla skilyrði hlutdeildarlána en búist var við.

Helmingi færri hlutdeildarlán en gert var ráð fyrir

ggunnars@frettabladid.is

Við undirbúning laganna um hlutdeildarlán var áformað að veita sex til sjö hundruð slík lán árlega. Heildarverðmætið var áætlað um fjórir milljarðar króna.

Reyndin er að mun færri kaupendur nýta sér úrræðið en gert var ráð fyrir. Á síðasta ári veitti Húsnaðis- og mannvirkjastofnun 297 kaupendum hlutdeildarlán fyrir samtals tvo og hálfan milljarð.

Það sem af er þessu ári hafa 97 slík lán verið veitt og vilyrði gefið fyrir öðrum 127 lánum.



Á síðasta ári veitti Húsnaðis- og mannvirkjastofnun 297 kaupendum hlutdeildarlán. mannvirkjastofnunan.

Hlutdeildarlánin voru fyrst kynnt árið 2019 sem hluti af átaki stjórnvalda á húsnaðismarkaði. Þeim var ætlað að hjálpa kaupendum undir ákveðnum tekjumörkum að brúa bilið við fasteignakaup.

Guðrún Soffía Guðmundsdóttir, teymisstjóri einstaklingslána HMS, segir stöðuna mjög krefjandi á fasteignamarkaði og færri íbúðir falli undir skilyrði hlutdeildarlána en gert var ráð fyrir í upphafi. „Að okkar mati er þetta mjög jákvætt og gott úrræði fyrir þá sem þurfa á því að halda. En vandinn er að fá fleiri til að byggja eignir sem henta. Við erum að reyna hvað við getum til að fjölga slíkum íbúðum,“ segir Guðrún Soffía. ■

Fyrirtækin eigi ekki annarra kosta völ heldur en að innleiða sjálfbærni

Sífelld fleiri fyrirtæki vinna nú að því að innleiða sjálfbærni í sinni starfsemi. Stofnandi fyrirtækisins BravoEarth segir að stjórnendur verði að huga að því hvernig megi innleiða sjálfbærni með markvissum hætti. Sjálfbærni snúist alls ekki um að einungis skrifa fallega texta.

magdalena@frettabladid.is

Vilborg Einarsdóttir, stofnandi BravoEarth, segir að fyrirtæki eigi ekki annarra kosta völ en að innleiða sjálfbærni í sinni starfsemi.

„Ef fyrirtæki ætla einfaldlega að vera starfandi áfram þá verða þau að gefa þessum málaflokki aukinn gaum. Það er framtíðin sem skiptir máli og við þurfum að færa okkur í meiri mæli í átt að sjálfbærni,“ segir Vilborg og bætir við að sú vinna hafi ýmsa kosti í för með sér.

„Fjármagnið er farið að greina fyrirtæki út frá því hvar þau standa varðandi þessa þætti og viðskiptavinir líka. Síðan er bara tíma-spursmál hvenær lagasetning mun skylda öll fyrirtæki til að birta upplýsingar um sjálfbærni.“

Fyrirtækið BravoEarth sem Vilborg stofnaði fyrir um þremur árum vinnur að því að þróa sjálfbærnikerfi til að hjálpa og einfalda fyrirtækjum að innleiða UFS-staðla en UFS stendur fyrir umhverfi, félagslega þætti og stjórnarhætti.

„Með þessum hugbúnaði erum við í rauninni bara að koma með verkfæri sem leiðbeinir fyrirtækjunum í þessu ferli. Að innleiða sjálfbærnistefnu skiptir miklu máli fyrir samkeppnishæfni þannig að fyrirtæki ættu klárlega að huga að þessum hlutum.“

Vilborg vann lengi vel að stofnun og uppbyggingu Mentor ehf. sem eflaust margir þekkja sem skólaumsjónarkerfið mentor.is. Vilborg segir það hafa verið rökrétt framhald að færa sig inn í sjálfbærniheiminn.

„Mér fannst þessi málaflokkur einfaldlega svo áhugaverður. Við þurfum öll að hjálpast að við að fara í þennan nýja veruleika og ég vil nýta þá þekkingu sem ég öðlaðist við að byggja upp Mentor til þess að leggja mitt af mörkum til sjálfbærnimála.“



Vilborg Einarsdóttir, stofnandi BravoEarth, vann lengi að stofnun og uppbyggingu Mentor. Hún segir að sú reynsla muni nýtast vel við að byggja upp fyrirtæki á sviði sjálfbærni.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



Ef fyrirtæki ætla einfaldlega að vera starfandi áfram þá verða þau að gefa þessum málaflokki aukinn gaum.

Vilborg bætir við að oft og tíðum fari meiri tími og orka hjá stjórnendum í að finna út hvað þurfi að gera í þessum málaflokki frekar en ferlið sjálft. Hún segir að stjórnendur fyrirtækja séu mjög jákvæðir gagnvart BravoEarth hugbúnaðinum og að fyrirtækið hafi fengið góðar viðtökur.

„Ég hef verið í miklu samstarfi við þróunarfyrirtæki við uppbyggingu hugbúnaðarins. Það hefur gengið mjög vel hjá fyrirtækjunum sem við erum að vinna með að innleiða UFS staðla, auk þess að við aðstoðum þau við að greina loftslagstengda áhættu og tækifæri. Um þessar mundir erum við að koma með tilbúna lausn á markaðinn sem byggir á þessari reynslu. Það eru spennandi tímar fram undan en þetta hefur tekið tíma.“

Aðspurð hvort hún hafi reynslu

af því að innleiða sjálfbærni segir Vilborg að það skipti mestu máli að vera góð í að tileinka sér nýja hluti.

„Þetta snýst bara um að maður þarfað hella sér í verkefnið og hafa brennandi áhuga. Minn bakrunnur er meistaragráða í stjórnun og stefnumótun með sérstaka áherslu á breytinga- og gæðastjórnun. Síðan tók ég kúrsa í sjálfbærni í diplómanámi þannig að þessi mál eru ekki alveg framandi fyrir mér.“

Vilborg bætir við að innleiðing sjálfbærni snúist ekki um að skrifa bara fallega texta heldur þurfi að endurskoða hvernig ákvarðanir eru teknar.

„Við þurfum að færa okkur í meiri mæli inn í sjálfbærnilausnir. Í grunninn hef ég í mínum störfum verið að einfalda fólki lífið. Bæði í menntakerfinu og nú í sjálfbærni.“ ■

Digrir sjóðir til reiðu komi til verkfalla

ggunnars@frettabladid.is

Eigið fé þeirra verkalyðsfélaga sem eru með lausa samninga á næstu mánuðum hleypur á milljörðum króna. Sérstakur vinnudeilusjóður VR stendur í tæpum 5,7 milljörðum samkvæmt ársreikningum síðasta árs. Sambærilegur sjóður Eflingar stendur í rúmum 3 milljörðum auk þess sem sjóðir annarra félaga eru álíka digrir.

Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, segir verkalyðshreyfinguna standa vel að vígi komi til langvarandi verkfalla í vetur. Þó beri að hafa í huga að upphæðir í vinnudeilusjóðum segi ekki alveg alla söguna. „Við hjá VR höfum heimildir til að færa fjármagn úr öðrum sjóðum yfir í vinnudeilusjóð komi til verkfalla. Staðan er því jafnvel enn sterkari en eiginfjárstaðan gefur til kynna.“

Hann segir mikilvægt að setja fjármunina í samhengi við stærð félaganna.

„Þetta eru miklir fjármunir, það



Geta VR til að standa að baki verkföllum einstakra greina er sterk.

Ragnar Þór Ingólfsson

er alveg rétt, en við þurfum samt að hafa í huga að VR er stórt og fjölmennt félag. Ef til allsherjarverkfalls kæmi þá yrði sjóðurinn nokkuð fljótur að tæmast. Það er alveg ljóst. Sennilega myndi það gerast á fáum vikum.“

Ragnar segist samt ekki hafa áhyggjur af því þar sem hann eigi ekki von á allsherjaraðgerðum í komandi kjaraviðræðum.

„Allsherjarverkföll heyrta að miklu leyti sögunni til. Að mínu



Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri SA, og Ragnar Þór Ingólfsson, formaður VR, hittast á fyrsta fundi félaganna í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

viti er árangursríkara að horfa til ákveðinna starfsgreina og starfsstétta frekar en heildarinnar, þegar kemur að langvarandi vinnudeilum eða verkföllum. Geta vinnudeilusjóðs VR til að standa að baki

verkföllum einstakra greina er sterk, það er engin launung, segir Ragnar

Ömögulegt sé þó að segja til um hvernig viðræðurnar koma til með að þróast.

„Yfirlýsingar okkar viðsemjenda benda ekki beinlínis til þess að það ríki mikill skilningur á stöðu okkar félagsmanna, en við vonumst auðvitað til að ná saman og landa samningum áður en til verkfalla kemur. Það er stóra markmiðið.“

Hann segir ekki mikla hefð fyrir verkföllum innan VR.

„Alla vega ekki síðustu 30 ár eða svo. Ég man eftir einu verkfalli sem stóð í sólarhring. Þar með er það upptalið. Það skýrir að mörgu leyti sterka stöðu vinnudeilusjóðsins,“ segir Ragnar.

Fyrsti samningafundur VR og SA fór fram í höfuðstöðvum VR í gær. Halldór Benjamín Þorbergsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins segir að fundurinn hafi fremur snúist um form en innihald.

„Við erum rétt að byrja að skipuleggja okkur. Ég geri ekki ráð fyrir að tíðinda sé að vænta af sjálfum viðræðunum fyrr en í fyrsta lagi í október,“ segir Halldór Benjamín. ■



MARKAÐURINN

MIÐVIKUDAGA KL. 19.00 OG 21.00


Vikulegur þáttur um íslenskt viðskiptalíf þar sem farið er yfir helstu viðskiptafréttir vikunnar ásamt öðru því sem hæst ber í efnahagslífinu hverju sinni.



markadurinn.is



HRINGBRAUT





Kraftur er stuðningsfélag fyrir ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein og aðstandendur.
www.kraftur.org

A. Margeirsson ehf.
A.J. Byggir ehf.
Aðalverkstæðið ehf.
Ágúst Bogason ehf.
Akureyrarkirkja
Alark arkitektar ehf.
Almenna lögbjónustan ehf.
Alvarr ehf.
AM Praxis ehf.
Amp rafverktaki ehf.
ARGOS ehf. Arkitektastofa
Grétars og Stefáns
Arkiteo ehf.
Arnardalur sf.
AS hótél ehf.
Ásahreppur
Ásvélar ehf.
Atlantsflug ehf.
Atlantsolía ehf.
Austfjarðaflutningar ehf.
B. Hreiðarsson ehf.
B.B. bílaréttingar ehf.
B.R. Sverrisson ehf.
Bárður SH 81 ehf.
Baugsbót ehf.
Bendir ehf.
Ber ehf.
Bergraf ehf.
Berserkir ehf.
Betra líf - Borgarhöll ehf.
Bífreiðastillingin ehf.
Bífreiðastöð Þórðar Þ.
Þórðarsonar ehf.
Bífreiðaverkstæði Sigursteins ehf.
Bífreiðaverkstæðið Klettur ehf.
Bílamálun Sigursveins
Bílamálunin Varmi ehf.
Bílaþrýði ehf.
Bílasala Suðurlands ehf.
Bílasmiðurinn hf.
Bílasprautun og rétt Traus ehf.
Bílrúðubjónustan ehf.
Bílver ehf.
Bioeffect ehf.
Bjarni Fannberg Jónasson ehf.
BK ehf.
Blikkrás ehf.
Blikksmiðjan Vík ehf.
Blómagallerí ehf.
Blómasettrið ehf.
Bókaútgáfan Hólar ehf.
Bókhaldsstofa Haraldar slf.
Bókhaldsþjónusta KOM ehf.
Bókræð, bókhald og ráðgjöf ehf.
Bólstrarinn ehf.
Bólungarvíkurkaupstaður
Boreal ehf.
Borg fasteignasala ehf.
Bortækni ehf.
Brauhúsið ehf.
Breiðan ehf.
Brekkuheiði ehf.
Brim hf.
BS Pípulagnir ehf.
BSA Varahlutir ehf.
BSRB - bandalag starfsmanna
ríkis og bæja
Búlandstindur ehf.

Burger-inn ehf.
Bútur ehf.
Byggingafélagið Bakki ehf.
Bylgja VE 75 ehf.
Conis ehf.
CrankWheel ehf.
Dalakofinn sf.
Dal-Björg ehf.
Dalsgarður ehf.
Dalvíkurbyggð
Dansrækt JSB
DMM Lausnir ehf.
Dómkirkjan
Domusnova fasteignasala
Dressmann á Íslandi ehf.
DS lausnir ehf.
Dýralæknastofa Reykjavíkur ehf.
Dýralæknaþjónusta Eyjafjarðar ehf.
Dýralæknirinn á Breiðdalsvík
Eðalbyggingar ehf.
Efnalaugin Björg
Egersund Island ehf.
Einingaverksmiðjan ehf.
Einsi Kaldi Veislubjónusta ehf.
Eirvík ehf.
EKK ehf.
Eldá ehf.
Elektrus ehf.
Endurhæfingarstöðin ehf.
Endurskoðun Helga Númasonar ehf.
Endurskoðun Vestfjarða ehf.
Enor ehf.
Esa Gæðafæði ehf.
Eyjablíkk ehf.
Fagefni ehf.
Fagval ehf.
Fasteignasala Sauðárkróks ehf.
Fasteignasalan Bær
Fastus ehf.
Faxaflóahafnir sf.
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag opinberra
starfsmanna Austurlands
Félag skipstjórnamanna
Félag vélstjóra og málmteknimanna
Felgur smiðja ehf.
Ferðabjónustan í Heydal
First Class ehf.
Fjaðrabúðin Partur ehf.
Fjallasýn Rúnars Óskarssonar ehf.
Fjarðabyggð
Fjarðargrjót ehf.
Fjarðaveitingar ehf.
Fjöl-smið ehf.
Fjörukráin ehf.
Flott mál ehf.
Fögrusteinar ehf.
Frakt flutningsmiðlun ehf.
Framtal s/f
Friðrik Jónsson ehf.
G.Á.verktakar sf.
Gallerí hár ehf.
Gallerí Ozone Selfossi ehf.
Gamla Ísland ehf.
Garðabær
Garðverk ehf.
Gasfélagið ehf.
Geimstofan ehf.

Geir útgerð ehf.
Geislataekni ehf.
Geymsla eitt ehf.
Gilja ehf.
Gistihúsið við Höfnina
Gjögur hf.
Gleipnir verktakar ehf.
Glertækni hf.
Gljásteinn ehf.
Go Campers ehf.
Grastec ehf.
Gróðrarstöðin Réttarhöll ehf.
Gróðrarstöðin Sólaskógar ehf.
Gröfubjónusta Tryggva
Einarssonar ehf.
Guðmundur Arason ehf. - GA
Smiðajárn
Gullsmiðurinn í Mjódd
Gúmmisteypa Þ. Lárusson ehf.
H Berg ehf.
H&S Rafverktakar ehf.
H. Jacobsen
Hafás Rafstöðvar ehf.
Hafnarfjarðarhöfn
Hafsteinn Danielsson ehf.
Hagvangur ehf.
Hamraborg ehf.
Hard Wok Cafe
Hátak ehf.
Heilbrigðisstofnun Vesturlands
Hellishólar ehf.
Herramenn ehf.
Hestvit ehf.
HH útgerð ehf.
Hirzlan ehf.
Hitastýring hf.
Hlíð hf.
Höfðagata 1 ehf.
Höfðakaffi ehf.
Hópbílar hf.
Horn ehf.
Hraunhamar ehf.
Hreinsitækni ehf.
Humarsalan ehf.
Hurðalausnir ehf.
Húsalagnir ehf.
Húsherji ehf.
Hvalur hf.
Hveragerðissókn
Í réttum ramma ehf.
Icepharma hf.
Index tannsmiðaverkstæði ehf.
India karry kofi ehf.
Ingvi Óskarsson ehf.
Innlifun ehf.
Innrömmun Sigurjóns ehf.
Ísfix ehf.
Ísfugl ehf.
Íshestar ehf.
Íslensk verðbréf
Ísrör ehf.
Íþróttafélag fatlaðra Reykjavík
Íþróttahús fatlaðra
J.A.K. ehf.
Járnsmiðja Óðins
JÁVERK ehf.
K.H.G. Þjónustan ehf.
K.S. Málun ehf.

K16 ehf.
Karföðrun ehf.
Kidka ehf.
Kj. Kjartansson ehf.
Klettur-Skipaafgreiðsla ehf.
Klukkan ehf.
Kóði ehf.
Kofar og hús ehf.
Köfun og öryggi ehf.
Kósk ehf.
Kraftar og afl ehf.
Krappi ehf.
Krökur ehf.
Krossborg ehf.
Krumma ehf.
Kurt og Pí ehf.
Kvenfélag Gnúpverja
Kvenfélag Svinavatnshrepps
Kvenfélagið Freyja
Kvikmyndafélag Íslands ehf.
L5 ehf.
Læknasetrið ehf.
Lagnabjónusta Þorsteins ehf.
Landsbréf hf.
Landsnet hf.
Landssamband lögreglumanna
Leanbody ehf.
Léttfeti ehf.
Lín Design
Ljósco ehf.
Ljósmyndavörur ehf.
Loft og raftæki ehf.
Loftorka Reykjavík ehf.
Lögræðistofa Reykjavíkur ehf.
Lögmannsstofan Fortis ehf.
Look North ehf.
Lostæti-Austurlyst ehf.
LS Ozone ehf.
Malbikunarstöðin Höfði hf.
Málningarþjónustan J-R-J ehf.
Marón ehf.
Massi þrif ehf.
Matborðið ehf.
Meitill-GT Tækni ehf.
Merking ehf.
Metatron ehf.
Mosfellsbakarí ehf.
Mundakot ehf.
Múr og menn ehf.
Myndform ehf.
Nesskip hf.
Nexus affreying ehf.
Neyðarlínan ehf.
Nonni litli ehf.
Nordic office of architecture
Norlandia ehf.
Norm X ehf.
Ó Johnson & Kaaber ehf.
OMNOM hf
Önn ehf., verkfræðistofa
Onno ehf.
Orka ehf.
Orkubú Vestfjarða ehf.
Öryggisgirðingar ehf.
Ósal ehf.
Pakk veitingar
Parket útlit ehf.
Pípó ehf.

Pípulagnaverktakar ehf.
Pixel ehf.
PK-Arkitektar ehf.
Plastverksmiðjan Ýlur ehf.
Pottagaldrar
Premium ehf.
Prentverk Selfoss ehf.
Pro-Ark ehf.
Pústþjónusta BJB ehf.
PV-pípulagnir ehf.
Pylsuvagninn Selfossi / Ingunn
Guðmunds
Ráðhús ehf.
Ræktunarstöðin Lágafelli ehf.
Rafey ehf.
Rafeyri ehf.
Rafíðn ehf.
Raflausnir rafverktakar ehf.
Rafmiðlun hf.
Rafstjörn ehf.
Rafsvið sf.
Raftákn ehf.
Rafting slf.
Raggi rakari ehf.
Ragnar V. Sigurðsson ehf.
Ragnhildur Hjaltadóttir
Rakarastofa Björns og Kjartans
Rannsóknarþjónustan Vestmanna-
eyjum ehf.
Rennsli ehf.
Réttingaverkstæði Jóa ehf.
Reykhóll ehf.
Reykhúsið Reykhólar ehf.
Riding tours South Iceland
Ríma Apótek ehf.
Rolf Johansen & Co ehf.
Rósaberg ehf.
RR Tréverk ehf.
Rútuferðir ehf.
S.S. Gólf ehf.
Sæfell ehf.
Sameyki stóttarfélag í
almannabjónustu
Samíðn samband iðnfélaga
Samtök starfsmanna
fjármálafyrirtækja - SSF
Sámur sápugetið ehf.
SE ehf.
Segna ehf.
SF - 47 ehf.
SÍBS
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf.
Sjöklaðagerðin hf.
Skagafjarðarveitur
Skerjagarður ehf.
Skógræktarfélag Patreksfjarðar
Skolphreinsun Ageirs sf.
Skorri ehf.
Skútusiglingar ehf.
Sparisjóður Austurlands hf.
Sparnaður ehf.
Sprautu- og bífreiðaverkstæði
Borgarness
Stansverk ehf.
Steinsmiðjan Rein ehf.
Stóttarfélagið Samstaða
Stólpi ehf.
Suðavíkurhreppur

Súlkus ehf.
Sveitarfélagið Hornafjörður
Sveitarfélagið Vogar
Tandraberg ehf.
Tango slf.
Tanni ferðabjónusta ehf.
Tannlæknar Mjódd ehf.
Tannlæknastofa Árna Páls
Halldórssonar
Tannlækningar ehf.
Tannsinn ehf.
Tannval ehf.
TEG endurskoðun ehf.
Teiknistofa Páls
Zóphóníassonar ehf.
Teledyne Gavia ehf.
Tengir hf.
TGT Hús ehf.
Þemasnyrtíng ehf.
THG Arkitektar ehf.
Thor Shipping ehf.
Þorbjörn hf.
Þörungaverksmiðjan hf.
Þrif og þvottur ehf.
Tigur ehf.
Titan fasteignafélag ehf.
Tónsport ehf.
Treiðjan Einir ehf.
Triton ehf.
Triton sf.
Trobeco ehf.
Tröllalagnir ehf.
Tveir smiðir ehf.
Unit ehf.
Upptekið ehf.
Úti og Inni arkitektar
Útibú ehf.
V.M. ehf.
Vagnar og þjónusta ehf.
VEB verkfræðistofa ehf.
Veðivon ehf.
Vélaeiga Halldórs Sigurðssonar ehf.
Vélaverkstæðið Þór ehf.
Vélavirgi ehf.
Vélsmiðja Suðurlands ehf.
Vélsmiðjan Sveinn ehf.
Vélvirki ehf.
Verifone á Íslandi ehf.
Verkalýðsfélagið Hlíf
Verktækni ehf.
Verslunartækni ehf.
Verslunin Brynja ehf.
Vestri ehf.
VGH-Mosfellsbæ ehf.
Við Sjálf ehf.
Vidd ehf.
Viðhald og nýsmiði ehf.
Víkursmiði ehf.
Vogar, ferðabjónusta
Vörukaup ehf.
VSÓ Ráðgjöf ehf.
Wurth á Íslandi ehf.
Yrki arkitektar ehf.
Zenus ehf.



LINDEX

VÍNBÚÐIN



Takk fyrir að hlaupa af krafti!

Kraftur þakkar öllum þeim sem hlupu af Krafti í Reykjavíkumaraþoninu og söfnuðu áheitum að upphæð 5.772.588 kr.

Um leið þökkum við öllum þeim sem hétu á þau og hvöttu þau til dádá sem og þeim sem gerðu okkur kleift að birta þessi þakkarorð.

prógramm

Landsvirkjun

HAPPRÆTTI
HÁSKÓLA ÍSLANDS

AVIS

Domino's

KFC

ÍSTAK

Apótekarinn⁺
- hegra verð

Króm og hvítt

EDICO

ÍSLENSK
ERFDAGREINING

MANNVIT

Alcoa

VR

HORNSTEINN

KONE

LAXÁ
FISKAFÓÐUR
- SINCE 1991 -

Slava Ukraini



Aðalheiður
Ámundadóttir
adalheidur
@frettabladid.is

Í dag blaktir blár og gulur fáni við hún um alla Evrópu og víðar, í tilefni þjóðhátíðardags Úkraínu. Sjálf er þjóðin tvístruð um alla Evrópu, hrakin af heimilum sínum, frá námi, vinnu og daglegu lífi, undan árás sem ekkert okkar botnar upp né niður í.

Úkraínska þjóðin er með allra harðgerðustu þjóðum álfunnar. Hún hefur þolað hungursneyð, kúgun og árásarstríð en bognar ekki. Baráttuþrek hennar hefur komið heimsbyggðinni verulega á óvart. Að öðru leyti er úkraínska þjóðin ekkert frábrugðin öðrum Evrópuþjóðum, hún samanstendur af fólki með fjölbreyttan bakgrunn og ólíkar skoðanir. Um eitt var hún þó sammála, því yfir 90 prósent hennar staðfestu með atkvæði sínu yfirlýsingu um sjálfstæði Úkraínu frá Sovétríkjunum árið 1991. Þennan einbeitta vilja sætta Rússar sig ekki við, ekki fremur en yfirlýstan vilja Úkraínu til þátttöku í alþjóðasamstarfi sem byggir á rótgrónum lýðræðishefðum og virðingu fyrir mannréttindum.

Á undanfórnum árum hafa miklar áskoranir blasað við þeirri farsælu Evrópusamvinnu sem tryggt hefur frið í álfunni í áratugi. Popúlistar hafa náð fótfestu víða og hafa í nokkrum löndum gert mikinn skaða. Bretar ráku fleyg í langvarandi og farsælt Evrópusamstarf, vinum sínum og nágrönnum til furðu og vonbrigða. Í nokkrum Evrópuríkjum hafa réttarríkið og vernd mannréttinda vikið fyrir popúlískum stjórnarháttum og einræðistilburðum.

En alþjóðasamvinna er eitur í beinum einræðisherra og íbúar Evrópu finna það sterkar nú en áður. Þannig hefur innrás Rússlands í Úkraínu aukið skilning á nauðsyn þess að standa vörð um hornsteina frelsis og friðar í álfunni. Við viljum tryggja rétt fólks til að búa í friði í landi sínu og njóta þar friðhelgi og frelsis, og við finnum endurnýjaða þörf til að standa vörð um réttarríkið, leikreglur lýðræðis og tjáningarfrelsi. Þetta sýna kannanir meðal almennra borgara víða um álfuna og áhugi fullvalda ríkja á þátttöku í mikilvægum alþjóðasamtökum.

Ólíkt því sem popúlístarir halda fram, styrkir öflug alþjóðasamvinna sjálfstæði allra þátttökuríkja á meðan einangrunarhyggja brýtur undirstöður þess niður. Þetta veit úkraínska þjóðin og þótt hún finni fátt að gleðjast yfir í þeim hörmungum sem nágrannar hennar leggja nú á hana af óskiljanlegri grimmd, hyllum við sem erum vinir hennar úkraínsku þjóðina og fögnum sjálfstæði hennar í dag. Við deilum með henni heimilum okkar, bakgarði, breiðstrætum, torgum og öllum fánastöngum sem við eigum. Við fögnum styrk hennar, langlundargeði og þrautseigju. Hún lengi lífi. Slava Ukraini! ■

■ Halldór



■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Sveiflurnar

Ófyrirsjáanleikinn í íslenska efnahagsumhverfinu hefur alltaf verið mikill, en þar hafa meira og minna allar tölur sveiflast á milli allsherjarkreppu og ofpenslu, efnahagshruns og uppsveiflunnar sem ætla engan endi að taka þangað til að bólan springur. Þetta þekkja landsmenn – og eru eiginlega svolítið stoltir af þessari rússíbanareid í einu minnsta hagkerfi heims. Þennan ófyrirsjáanleika upplifir núna nýjasta meginstoðin í íslenskum atvinnuvegi, altso ferðaþjónustan, en hún er að verða háð eldgosum, svo rækilega sem þau lyfta henni á kreik og maka krókinn fyrir einstaka fyrirtæki.

Afbókanir

Íslenska ferðaþjónustan var búin að selja nýjasta eldgosíð á Reykjanesskaga langt fram eftir hausti, gott ef ekki vel inn í veturinn. En gosíð var ekki haft með í ráðum. Og tók það bara upp hjá sjálfu sér að láta staðar numið. Svo nú er byrjað að bera á afbókunum í greininni, eðlilega, enda söluvaran sofnuð og allsendis óvist hvort hún vaknar aftur. Sem hún gerir þó sennilega á nýjaleik. Og næstum örugglega. En þá ætti ferðaþjónustan að læra af reynslunni – og semja fyrirfram um alvöru lengd á gosinu. ■

Spennandi framtíð



Rósa
Guðbjartsdóttir
bæjarstjóri í
Hafnarfirði

Tækifærin sem felast í stafrænni þróun eru allt umlykjandi. Þau hafa á skömmum tíma gjörbreytt störfum okkar og bjóða upp á mikla möguleika fyrir fólk hvar sem það er stadd í landinu eða heiminum. Í samskiptum, viðskiptum og störfum okkar erum við aðeins „einum músasmelli frá hvert öðru“.

Sveitarfélög gegna mikilvægu hlutverki í þróun stafrænnar vegferðar í þjónustu og samskiptum við íbúa og fyrirtæki. Krafa fólks í dag er að geta afgreitt sig sem mest sjálft en stafræn þróun mætir þeim kröfum og bætir þjónustuna.

Þótt fátt komi í stað beinna staðbundinna samskipta þá er svo ótal margt sem hægt er að leysa og afgreiða með skjótum og einföldum hætti á netinu. Þannig verður þjónustan skilvirkari, skjótari og hagkvæmari. Mörg sveitarfélög eru komin vel á leið í stafrænni vegferð en ný tækifæri verða stöðugt til.

Sveitarfélögin í landinu eiga gott samstarf í stafrænni þróun sem á að efla enn frekar. Það þarf ekki hver og einn að „finna upp hjólið“ í þessum efnum. Þannig lærum við hvert af öðru. Við eigum að stiga saman skrefin inn í framtíðina og deila þannig kostnaði við innleiðinguna.

Stafrænar lausnir eru mikilvægt byggðasjónarmið en einnig eru þær samgöngu- og umhverfismál. Skilvirk stafræn þjónusta sparar okkur sporin og hún dregur úr umferðarálagi sem er umhverfisvænt. Að hafa greiðan aðgang að sérhæfðri ráðgjöf og aðstoð í gegnum fjarfundarbúnað, til dæmis fyrir barn í skólakerfinu eða aldraða í félagsþjónustunni, getur skipt sköpum.

Þá eru „stórf án staðsetningar“ orðin raunverulegur möguleiki jafnt hjá hinu opinbera sem og í atvinnulífinu. Það er fátt sem kallar á lengur að stofnanir ríkisins séu staðsettar í miðborg Reykjavíkur eða að starfsmenn þurfi alltaf að mæta alla morgna á sama tíma á vinnustað sinn. Kannski er markviss stefna í þessum efnum stærsta samgöngumálið á höfuðborgarsvæðinu?

Markmið okkar á stafrænni vegferð hlýtur að vera að auka samkeppnishæfni ólíkra svæða í landinu og landsins við aðrar þjóðir. Þannig stuðlum við að verðmætasköpun og hagsæld á Íslandi til framtíðar.

Það eru spennandi tímar framundan. ■

”
Skilvirk
stafræn
þjónusta
sparar
okkur
sporin
og hún
dregur úr
umferðará-
lagi sem er
umhverfis-
vænt.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

Spies tældi mjög ungar stúlkur og gerði þær að kynlífsþrælum.

Spies vekur reiði í Danmörku

elin@frettabladid.is

Danska ríkissjónvarpið, dr.dk sýndi nýja heimildarmynd í þremur þáttum um ferðaskrifstofukónginn Simon Spies í fyrrikvöld. Þátturinn hefur vakið hörð viðbrögð, umtal og reiði í samfélaginu. Spies var frægur, auðugur og partígladur á sjötta og sjöunda áratugnum. Reiði fólks beinist að því hvernig hann tældi mjög ungar stúlkur, allt niður í 15 ára, með glæsilegum gjöfum og ferðalögum og gerði þær að kynlífsþrælum sínum. Hann var meira en 40 árum eldri en stúlkurnar.

Í fyrsta þættinum segir systir einnar þeirra frá lúxusnum sem Spies bauð stúlkunum upp á, en henti þeim síðan út þegar þær urðu 18 ára. Systirin lést úr alnæmi aðeins 25 ára. Flestar stúlkurnar fóru illa út úr lífinu eftir að þær fóru frá Spies. Þættirnir nefnast Spies og morgenbolledamerne, en það var nafnið sem ferðaskrifstofukóngurinn notaði á þræla sína.

Vissu um lúxuslífið

Ferðaskrifstofa hans er enn til og hafa sumir bent á að breyta þurfi nafni hennar í ljósi fortíðar fyrrverandi eiganda. Danskir fjölmiðlar segja að þættirnir séu mikilvægir þótt margir hafi vitað um líferni og lúxuslíf Spies á sínum tíma og fólki hafi lokað augunum gagnvart því. Aðrir segja að tímarnir hafi breyst en sannarlega megji líkja Spies við Jeffrey Epstein. Spies lést 1984. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSALOE VERA
MELTING & BÓLGURwww.celsus.is

Sixpakk, flottir bís og gellurass

Malín Agla Kristjánsdóttir temur kroppa í starfi sínu sem einkaþjálfari, en segir að hún gæti þó borðað kleinuhringi á hverjum degi ævina út. Hún segir eftirsóknarvert að eiga sterkan líkama. **2**

Malín Agla Kristjánsdóttir er í dag einkaþjálfari en stundaði áður samkvæmisdans í sextán ár og dansaði meðal annars í Allir geta dansað. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

thordisg@frettabladid.is

„Ég hef glímt við kvíða og þunglyndi síðan ég man eftir mér, og að mínu mati helst andleg og líkamleg heilsa í hendur. Það er bein tenging á milli þess að hreyfa sig, borða vel og að líða vel. Hugtakið „þú ert það sem þú borðar og gerir“ er réttara en fólki kannski þælir í. Sjálfri liður mér mun betur líkamlega sem og andlega þegar ég fæ öll næringarefni og vítamín í gegnum fæðuna og þegar ég hreyfi mig reglulega. Svo langar mig bara til að vera sterk og líða vel. Það er engin betri tilfinning en að treysta líkama sínum og líða vel í honum, og mér finnst bara algjör forréttindi að vera hraust og heilbrigð og fá að hreyfa mig á hverjum degi.“

Þetta segir Malín Agla Kristjáns-

dóttir, um ástæður þess að hún leggur áherslu á að rækta bæði líkamlega og andlega heilsu í starfi sínu sem einkaþjálfari.

„Bara það eitt að mæta á æfingu, hreyfa mig, svitna og fá útrás, getur breytt skapi mínu og deginum, ef ég á slæman dag. Það lagar kannski ekki öll heimsins vandamál en gerir svo sannarlega eitthvað gott.“

Fann ástríðuna í óvissu Covid

Malín Agla er 27 ára, uppalin í Grafarvogi en býr nú með manni sínum og barni í Laugardalnum.

„Ég eignaðist mitt fyrsta barn í apríl 2020. Þá hafði Covid nýlega numið hér land og ég neyddist til að æfa heima. Það var þá sem ég fann að ég hafði mikla ástríðu fyrir líkamsrækt. Ég hlakkaði til að taka æfingu á hverjum degi og mig

langaði að nýta reynslu mína sem íþróttakona til að hjálpa öðrum að lifa raunsæjum, heilbrigðum lífsstíl. Ég fann hvað hreyfingin hafði góð áhrif á andlega líðan í allri óvissunni sem fylgdi Covid,“ segir Malín Agla.

Í dag starfar hún við einkaþjálfun í World Class Vatnsmýri og Laugum og nýtur sín mjög í starfinu.

„Mér finnst ekkert skemmtilegra en að hjálpa fólki að átta sig á styrkleikum sínum og kenna því að trúa á sjálft sig. Margir sem mæta til mín eru að stíga sín fyrstu skref í líkamsræktarstöðinni og átta sig ekki á að maður getur bókstaflega allt sem maður ætlar sér ef vilji og áhugi er til staðar. Það þarf nefnilega ekki að vera leiðinlegt að hreyfa sig; það snýst bara um að

finna hreyfingu sem manni þykir skemmtileg.“

Engin endastöð til í heilsurækt

Malín Agla hefur verið í íþróttum frá unga aldri.

„Ég æfði meðal annars listskauda og var í samkvæmisdansi í sextán ár. Ég hætti að dansa um tvítugt og tók mér þá árs frí þar sem ég vann baki brotnu en hreyfði mig lítið sem ekkert. Ég fann fljótt að það hentaði mér illa, ég hef alltaf verið svolítið ofvirk og ákvað því að prófa að mæta í ræktina með vinkonum. Það var þó ekki fyrr en ég kynntist manninum mínum, Svavari Ingvarssyni, sem starfað hefur í átta ár sem einkaþjálfari í Hreyfingu, að ég byrjaði að æfa fyrir alvöru og áhuginn fór upp úr öllu valdi,“ greinir Malín Agla frá.

”Ég æfi ekki fyrir útlitið; mér finnst bara ótrúlega gaman að vera sterk. Útlitið er bara bónus.



Malín Agla fer í ræktina fimm til sex sinnum í viku, enda segir hún heilsurækt hafa góð áhrif á líkama sinn og sál. Hún hefur tekið þátt í vaxtarræktar-mótum og stefnir á keppni í Iceland Open næsta vor.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

Hún segir hafa komið sér á óvart að engin endastöð sé í heilsurækt. „Maður er alltaf að læra. Með tímanum hef ég lært að eina stóra markmiðið mitt er að verða betri í dag en í gær, og að það er enginn sem veit best. Það kom mér líka einna mest á óvart hvað maður lærir mikið á líkamann sinn í ræktinni, sem og hausinn og hugarfarið. Það koma upp alls konar áskoranir; meiðsli, tafir, og lífið sjálft, en eina lykilatriðið er bara að hætta ekki; að gefast ekki upp.“

Staðfesta best til árangurs
Þegar sumri hallar og reglubundin rútína kemst á tilveruna á ný hyggjast margir bretta upp ermar og bæta lífsstílinn. En hvernig er best að koma sér upp úr sófanum?

„Mikilvægast er að finna hreyfingu sem veitir manni gleði og ánægju. Ellegar er hætt við að úthaldið endist stutt. Maður á að gera þetta fyrir sjálfan sig og engan annan, og ef maður hefur ekki gaman af heilsuræktinni er hún dæmd til að misheppnast,“ segir Malín Agla.

Hennar ráð til að temja sér vilja-styrk er að skapa sér venjur og taka einn dag í einu.

„Ef þér þykir erfitt að sparka í rassinn á þér af sjálfsdáðum væri ekki vitlaust að fá einkaþjálfara til að hjálpa til við rútínu sem hentar. Við erum þú það sem við gerum og það er meira að segja nóg að byrja á því að fara út að labba tvisvar í viku, finna sér brekkur eða hæðir, eða fara í fallegan skóg og njóta náttúrunnar í leiðinni.“

Mikilvægasta veganestið þegar kemur að árangri og úthaldi segir Malín Agla vera staðfestu.

„Bara ekki hætta. Þú munt mæta hindrunum en þá er mikilvægast að gefast ekki upp. Þú munt ekki alltaf eiga geggjaða æfingu eða komast í ræktina, því stundum leyfir tíminn og lífið það ekki en þá er alltaf morgundagurinn. Að gera betur í dag en í gær.“

Malín Agla segir aldrei of seint að byrja að stunda líkamsrækt.

„Ég ráðlegg eldra fólki að byrja hægt og fá hjálp eða faglegt mat frá fagaðila við að búa til æfinga-

prógramm sem hentar þeim. Það eru fleiri heldur en færri sem glíma við meiðsli eða eymsli sem hægt er að bæta með réttum styrktar- og lyftingaæfingum. Hvað börn og unglinga varðar mæli ég með fjölbreyttri og næringarríkri fæðu og að það sé borðað nógu oft yfir daginn. Mér finnst algengt að krakkar fái sér ekki morgunmat og borði ekki fyrr en í hádeginu, og oft bara tvisvar til þrisvar á dag, sem er að mínu mati ekki nóg. Mér finnst best að borðað sé sex sinnum á dag, sérstaklega fyrir unga fólkið sem er ýmist líka í íþróttum eða enn að vaxa. Máltíðirnar eru þá morgunmatur, millimál, hádegismatur, millimál, kvöldmatur og eitthvað örlítið fyrir svefninn.“

En hversu lengi þarf að bíða árangurs þegar kemur að styrk, þoli og breyttu útliti?

„Útlitslegur árangur fer að sjást eftir tvo til þrjá mánuði, en aukinn styrkur og þol tekur framförum á einungis einum til tveimur mánuðum, sé stuðst við rétt æfinga- og næringarprógram, og hvíldin er rétt.“

Lyftingar skila mestu fitutapi
Malín Agla er vinsæll einkaþjálfari en hvernig er þjálfarastíllinn?

„Ég geri í raun og veru eitthvað af öllu. Mér þykir mjög gaman að kenna fólki að styrkja sig, hvernig það á að beita sér og lyfta lóðum, en enginn er eins og því virka æfingar ekki eins fyrir alla. Ég hef fengið til mín fólk sem hefur lengi lyft sjálft og er jafnvel einkaþjálfara sem hafa þurft hjálp við að breyta og bæta formið í ákveðnum æfingum og þá er alltaf gott að fá utanaðkomandi hjálp,“ svarar Malín Agla.

„Mér finnst líka mjög gaman að láta fólk svitna og taka HIIT-æfingar (e. high intensity interval training) þar sem púlsinn er frekar hár allan tímann og mikið upp hopperi og skopperi.“

Að mati Malínar Öglu er ekkert eitt betra en annað þegar kemur að líkamsrækt.

„Þegar kemur að styrk og fitutapi finnst mér lyftingar skila mestum árangri. Mér finnst algjör óþarfi að eyða 45 mínútum á hlaupabretti

Þegar kemur að styrk og fitutapi finnst mér lyftingar skila mestum árangri. Mér finnst algjör óþarfi að eyða 45 mínútum á hlaupabretti eða hjóli þegar maður getur lyft lóðum og brennt fitu í leiðinni.

eða hjóli þegar maður getur lyft lóðum og brennt fitu í leiðinni. Ég mæli frekar með interval-æfingum á brettinu, það er að taka hlaupa- og hjólaspretti. Hins vegar er besta líkamsræktin fyrir mig ekki endilega sú besta fyrir næsta mann. Ég hvet því fólk eindregið til að prófa alls konar þar til það finnur það sem það hefur mest gaman af.“

Trendið er gellurass og sixpakk
Þegar kemur að líkamsþjálfun segir Malín Agla vera í tisku að vera sterkur og sterklega byggður.

„Ég tek eftir mikilli aukningu í líkamsræktarstöðinni og mikið af ungu fólki leitar til mín því það vill styrkja sig og verða hraustara. Margir tileinka sér svo vinsælt trend í ræktinni, sem er að fá six-pakk, flotta bís (upphandleggs-vöðva) og gellurass,“ segir Malín Agla glettin.

Sjálf æfir hún fimm til sex daga vikunnar, fer reglulega út að ganga og leika með dóttur sinni og reynir að ná að minnst sjö tíma svefni.

„Það ættu að vera átta tímar en með tveggja ára barn næst það ekki alltaf. Mér finnst fátt

skemmtilegra en að mæta á æfingu, jafnvel á dögnum sem ég nenni minnst; þá á ég oftast bestu æfingarnar. Ég hlusta líka mikið á tónlist og finnst skemmtilegast að verja tíma með fjölskyldunni,“ segir Malín Agla.

Þegar kemur að vigtinni mælir hún ekki með sérstöku mataræði, svo sem ketó eða lággolvetnafæði, til að ná skjótum árangri.

„Ef ég á að vera alveg hreinskilin, þá nei. Ég trúi á raunhæft jafnvægi. Ef maður borðar í hófi er ekkert vont fyrir mann. Mér finnst aldrei ganga til lengdar að vera á sérstöku mataræði, fólk fær fljótt leið á því og er þá skjótt dottið í gamla farið því fólk finnst það ekki standa sig eða nennir ekki að borða hrísgrjón, kjúkling og hafra í öll mál, alla daga. Sjálf nota ég 80/20-regluna; borða sömu máltíðirnar 80 prósent af tímanum en er svo líka mennsk og fer út að borða eða í bíó og fær mér nammipoka eða ís,“ segir Malín Agla og nefnir sinn uppáhaldshollusturétt en líka helstu fæstingar þegar kemur að óhollustu.

„Eftirlætið mitt í hollustunni er líklega hvít hrísgrjón og kjúkl-ingur með vel af kjúklingakryddi. Það gæti ég án efa borðað allan daginn, alla daga. Ef ég ætti að velja skyndibita-hollusturétt verð ég að segja hunangskjúklingurinn á Saffran; hann klikkar aldrei. Á móti er minn helsti veikleiki klárlega bakarismatur og pasta. Ef það væri ásættanlegt gæti ég étið einn kleinuhring á dag það sem eftir væri ævinna. Svo elda ég pasta að minnsta kosti einu sinni í viku.“

Útlitið er bara bónus
Á heimilinu er um lítið annað talað en líkamsrækt, en Malín Agla segir enga samkeppni ríkja á milli hennar og Svavars, þótt þau starfi í sithvorri líkamsræktarstöðinni.

„Við lifum fyrir þetta og þykir líkamsrækt ótrúlega skemmtileg. Svavar er búinn að vera töluvert lengur en ég í bransanum og oftár en ekki leita ég ráða eða álits hjá honum. Hér ríkir svo engin samkeppni, það er ástæðan fyrir því að ég fór að vinna í World Class en ekki í Hreyfingu, þar sem hann

er. Markhópur okkar er ólíkur og ef eitthvað þá þykir okkur mjög gaman að hjálpa hvort öðru með æfingar og æfingastíla.“

Bæði hafa þau tekið þátt í vaxtarræktarkeppnum og á þrjónunum er að taka þátt aftur.

„Já, ég stefni á að keppa á Iceland Open næsta vor og svo langar mig mögulega að kíkja út fyrir landsteinana og spreyta mig uppi á sviði einhvers staðar í útlöndum.“

Fram undan er haustið og svo jól og áramót með tilheyrandi veisluhaldi og sparifötum. Er til skotheid leið til að komast í flott form fyrir hátíðirnar á komandi haustmánuðum?

„Já, svo sannarlega, með staðfestu að vopni. Byrja á hreyfingu sem þér finnst gaman að, hvort sem það er að lyfta lóðum, mæta í hóptíma, fara í jóga, út að ganga, hjóla eða synda, og halda því við. Að setja sér skammtíma- og langtímamarkmið og halda sjálfum sér ábyrgum. En svo má ekki hugsa sem svo að formið um jól eða áramót sé endastöð og detta í gamla farið strax á nýárinu.“

Með réttri hreyfingu og mataræði sé raunhæft að stefna á að missa hálf tónn í viku.

„Kvöldnart er vandamál hjá mörgum. Þá er gott að eiga til ávexti, grænmeti með hummus eða jógúrtdýfu, skyr eða gríska jógúrt með jarðarberjum og súkkulaði, frosin vínber, prótínis og þess vegna nammí, svo lengi sem það er í hófi. Gott jafnvægi er lykillinn að árangri,“ segir Malín Agla.

Sjálfer hún iturvaxin, sem eflast hefur kostað mikla vinnu og sjálfsgæta, en geta allir fengið líkama eins og hennar?

„Já. Ég trúi því að maður geti allt sem maður ætlar sér. Nú hef ég æft og lyft í næstum sex ár en það var í raun og veru ekki fyrr en ég ákvað að keppa í fitness fyrir hálfu öðru ári að ég byrjaði að lyfta af alvöru eftir prógrammi. Það var þá sem ég byrjaði að sjá mesta árangurinn. Annars æfi ég ekki fyrir útlitið; mér finnst bara ótrúlega gaman að vera sterk. Útlitið er bara bónus. Ef maður leggur inn vinnuna mun útlitið fylgja með.“ ■

Glóandi og stinnari húð með sterkari neglur

Snyrti- og förðunarfræðingurinn Marianna Pálsdóttir byrjaði að nota Húð, hár og neglur frá ICEHERBS fyrir ári og hefur tekið eftir miklum jákvæðum áhrifum. Hún segir þetta frábæra viðbót við að sjá vel um heilsuna og finnst gott að geta stutt íslenska framleiðslu.

„Ég tek Húð, hár og neglur frá ICEHERBS því ég hugsa mikið um heilsuna og mér finnst mikilvægt að halda húðinni, hárinu og nöglunum heilbrigðum og í besta mögulega ástandi,“ segir Marianna Pálsdóttir snyrti- og förðunarfræðingur. „Ég hef notað þetta markvisst í heilt ár og finn mikinn mun.“

Mér finnst þetta frábær viðbót við annað sem ég geri fyrir heilsuna, en hjá mér snýst þetta um heilðræna nálgun,“ segir Marianna. „Það þarf að drekka mikið vatn, hreyfa sig og hugsa um andlega heilsu til að halda heilbrigði og lita sem best út og mér finnst vítamín og fæðubótaefni ofboðslega góð viðbót við allt annað sem ég geri.“

Gott að styðja íslenska framleiðslu

„Ég hef mikinn áhuga á vítamín-um og fæðubótarefnum og stoppa alltaf við vítamínrekkann úti í búð til að skoða það sem er í boði. Það var þannig sem ég fann Húð, hár og neglur,“ segir Marianna. „Það vakti athygli mína að þetta er 100% íslensk vara og mér finnst mjög gott og mikilvægt að styðja við allt sem er framleitt hérna á Íslandi.“

Ég tek öllu svona með fyrirvara



Marianna Pálsdóttir, snyrti- og förðunarfræðingur, er mjög ánægð með Húð, hár og neglur frá ICEHERBS.

FRÉTTABLAÐID/SIGTRYGGUR ARI

og er aldrei með sérstakar væntingar þegar ég prófa eitthvað nýtt, en ef ég finn að hlutirnir virka er ekki aftur snúið,“ segir Marianna. „Þá held ég bara áfram, til hvers að hætta eða breyta því sem er gott og virkar?“

Hefur fundið mikinn mun

„Eftir að ég byrjaði að nota þessa vöru hef ég tekið eftir því að neglurnar eru sterkari og mér finnst húðin hafa aukinn stinnleika og vera meira glóandi. Ég myndi því 100% mæla með Húð,

hár og neglur frá ICEHERBS,“ segir Marianna. „Ég mæli almennt með því að fólk taki vítamín og fæðubótaefni og mér finnst mjög fallett þegar fólk ákveður að kaupa íslenska framleiðslu, því þá þekkirðu framleiðsluferlið og veist hvað þú ert að taka.“

Ég hef líka notað Túrmerik frá ICEHERBS, en ég hef átt það til að bólga í liðum og finn hvernig það hjálpar við að losa bólur, enda er það öflugt andoxunarefni,“ segir Marianna. „Ég finn mikinn mun ef ég er dugleg að taka það.“

Náttúruleg blanda úr íslenskum þörungum

Húð, hár og neglur er öflug og náttúruleg þarablanda úr tveimur íslenskum sæþörungum, Asco-phyllum nodosum og Laminaria digitata. Hylkin eru stútfull af steinefnum og vítamínunum sem hafa góð og nærandi áhrif á húð, hár og neglur. Sæþörungur eru þekktir sem ofurfæða hafsins og þeir eru sérstaklega þekktir fyrir virk áhrif sín á húð, hár og neglur. Þeir hafa einnig gríðarlega hreinsandi áhrif á líkamann og

blandan inniheldur ríkulegt magn steinefna og trefja, ásamt jöði.

Hrein náttúruafurð

ICEHERBS er íslenskt fyrirtæki sem leggur mikla áherslu á að framleiða hrein og náttúruleg bætiefni. Lögð er gríðarleg áhersla á að vörur ICEHERBS nýttist viðskiptavinum vel, að virkni skili sér í réttum blöndum og að eiginleikar efnanna viðhaldi sér að fullu. Gríðarleg áhersla er lögð á að vörurnar innihaldi engin óþarfa fylliefni og vörurnar eru framleiddar hér á landi. ■

Húð, hár & neglur frá ICEHERBS fæst í öllum apótekum og heilsuvöruverslunum, stórvörumörkuðum og einnig í vefverslun ICEHERBS, sem sendir heim að dyrum. Sjá nánar á iceherbs.is.



Húð, hár og neglur er öflug og náttúruleg þarablanda úr tveimur íslenskum sæþörungum.

Er orðin ákveðin fíkn



Guðmundur Hilmarsson gummih @frettabladid.is

Frænkurnar og gömlu handboltakempurnar úr Fram og landsliðinu, Guðriður Guðjónsdóttir og Sigrún Blomsterberg, eru sannkallaðar fjallageitur.

Þær stóllur tóku upp á því fyrir nokkrum árum að byrja að ganga á fjöll og síðan þá hefur ekki verið aftur snúið.

„Við báðar höfum litid á fjallgöngu sem líkamsrækt. Þetta hófst fyrir nokkrum árum. Við vildum prófa eitthvað nýtt og byrjuðum á því að ganga upp á Úlfarsfell og Helgafell. Við duttum strax í girinn og síðastliðin þrjú sumur höfum við verið að fara á fleiri staði, bæði í nágrenni höfuðborgarsvæðisins eins og á Vífilfellið, fellin í Mosó, Móskaðshnjúka og á fleiri staði. Við fórum til að mynda Laugavegin í fyrra sem var alveg ótrúlega gaman. Við erum báðar þannig að ef okkur dettur í hug að fara eitthvað, þá erum við bara farnar,“ segir Guðriður.

Guðriður, eða Gurrý eins og hún oftast nefnd, á glæsilegan handboltaferil að baki en hún var um árabil besta handboltakona landsins og saman unnu hún og Sigrún fjölmarga titla með Fram og léku báðar með landsliðinu. Guðriður lék 84 landsleiki og skoraði í þeim 382 mörk og Sigrún spilaði 31 landsleik og skoraði í þeim 48 mörk.

Geðgöngurnar og geðlyfin

Guðriður segir það fara eftir veðri



Á toppi Vífilfells sem er í miklu uppáhaldi hjá Guðriði og Sigrúnu.

MYND/ÆSEND

og vindum hversu oft þær gangi á fjöll í hverri viku. „Ég myndi segja að við förum í fjallgöngu að meðaltali tvisvar - þrisvar í viku og skiptir þá engu máli hvort það sé vetur eða sumar. Við grínudumst með það í Covidinu að þetta væru geðgöngurnar okkar og geðlyfin. Við fáum svo mikið út úr þessu og það má segja að þetta sé orðin ákveðin fíkn. Okkur langaði að ganga Grænahrygg í Landmanna-laugum í fyrrasumar en komumst ekki. En um daginn skelltum við okkur í dagsferð þangað og það var alveg magnað. Við höldum áfram að fara á Vífilfellið, Helgafellið og

Úlfarsfellið, en svo erum við alltaf að ganga á fleiri staði og þar ég nefnt Sköflung á Hengilssvæðinu, Hengilinn, gönguleiðir á Hellisheiði og Akrafjallið. Þá höfum við farið upp á mörg fjöll í Hvalfirðinum. Það eru endalausir möguleikar,“ segir Guðriður.

Er eitthvað fjall í uppáhaldi hjá ykkur?

Vífilfellið er alltaf í svolitlu uppáhaldi hjá okkur og það er líka mjög gaman að fara á Móskaðshnjúkana. Í fyrra förum við á Hafnarfjall og gengum á hæsta tindinn sem er Gildalshnúkur. Það var virkilega góð ferð. Útsýnið þar

77 MÉR LIÐUR SVO ÓTRÚLEGA VEL EFTIR hverja fjallgöngu og ég fæ svo mikla andlega næringu og hreyfingu með þessum fjallaferðum.

Guðriður Guðjónsdóttir

uppi var frábært og við sáum til að mynda eldgosið, horfðum yfir Borgarnes og í Hvalfjörðinn. Ég var oft búin að lita á Hafnarfjallið þegar ég var á ferð upp í Borgarnes og segja við mig sjálfa: Þarna er maður ekkert að fara. En við létum slag standa,“ segir Guðriður.

Gurrý segist hætta að fara á líkamsræktarstöðvarnar og velji nú alfarið að stunda sína líkamsrækt með því að ganga á fjöll. „Mér liður svo ótrúlega vel eftir hverja fjallgöngu og ég fæ svo mikla andlega næringu og hreyfingu með þessum fjallaferðum. Við frænkurnar, sem vorum saman í handboltanum í gamla daga, erum svo líkar í hugsun. Við löbbum á svipuðum hraða og lítum eins á hlutina. Þegar við setjumst inn í bíl eftir fjallgöngurnar segjum við: Djöfull var þetta æðislegt,“ segir Guðriður, sem tók sér smá pásu frá fjalla-bröltinu í júní í sumar. Þá skellti hún er sér í viku hjólaferð með gömlum útskriftarskólafélögum úr Íþróttakennaraskóla Íslands til Ítalíu þar sem hópurinn hjólaði 300 kílómetra um Veneto héraðið á Ítalíu.

„Þetta var þriðja hjólaferðin sem við hjónin förum með þessum hópi. Fyrsta ferðin var um eyjarnar fyrir utan Split í Króatíu, svo var það Ungverjaland og nú Ítalía. Þetta voru allt æðislegar ferðir. Ég myndi segja að mín hreyfing í dag sé klárlega útivera.“ ■

Bílar & Farartæki

Bátar



MERCURY
Utanborðsmótorar
2,5 - 600 hp.

Verkstæði Vélasólnunnar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á **Mercuriser** bátavélum og **Mercury** utanborðsmótorum

Eigum til Mercury mótorá á lager
2,5hp - 4hp - 6hp - 9,9hp - 15hp - 20hp og 60hp

Getum útvegað með stuttum fyrirvara 115 hp og 150 hp seapro.

Einnig úrval rafmótorá.
R. SIGMUNDSSON
VÉLASALAN
www.velasalan.is
s. 520 0000, Dugguvogi 1
104 Reykjavík

Þjónusta

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., planófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Húsviðhald

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málningarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Heilsa

Heilsuvörur



gottcbd.is

Húsnæði

Geymsluhúsnæði

WWW.GEYMSLAEITT.IS
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m². S: 564-6500

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is



GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is



ÍSAFJARÐARBÆR

Deiliskipulagstillaga í landi Hóls í Firði, Öndarfirði á svæði F37

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum þann 4. júlí 2022, að heimila auglýsingu á deiliskipulagstillögu Hóls í Firði, þar sem gert er ráð fyrir fimm frístundahúsum, með vísan til 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og er tillagan í samræmi við Aðalskipulag Ísafjarðarbæjar. Fylgigögn eru deiliskipulagsuppdráttur með greinargerð frá 23. júní 2022.

Tillagan verður aðgengileg á heimasíðu Ísafjarðarbæjar frá 24. ágúst 2022 til og með 7. október 2022.

Athugasemdir eða ábendingar skulu vera skriflegar og berast á umhverfis- og eignasvið, 4. hæð Stjórnsýsluhússins á Ísafirði eða með tölvupósti á skipulag@isafjordur.is í síðasta lagi 8. október 2022.

f.h. skipulagsfulltrúa
Helga Puriður Magnúsdóttir
verkefnastjóri á umhverfis- og eignasviði

intellecta.is

RÁÐNINGAR



intellecta

Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár



hagvangur.is **HAGVANGUR**



HOBART

Uppþvottavélar í atvinnueldhús

VERSLUNARTÆKNI www.verslun.is

geiri www.geirihf.is

STÓRELDHÚS FOODSERVICE DESIGN AND SHOPFITTINGS

Straumur ...hillukerfi

Sýningareldhús - Draghálsi 4 - 110 Reykjavík - Sími: 535 1300 - verslun@verslun.is

Eru Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um að útrýma fátækt og hungri árið 2030 raunhæf?



Björg Kjartansdóttir
sviðsstjóri hjá
Rauða krossinum

Alþjóða Rauði krossinn eflir nú viðbragð sitt til að bregðast við hungri sem blasir við milljónum manna í allt að 20 löndum Afríku vegna uppskerubrests. Ef verstu spár ganga eftir gætu íbúar í þessum heimshluta þurft að takast á við versta hungur í 40 ár á næstu misserum. Í slíkri neyð verða viðkvæmustu hóparnir; aldraðir, börn og fólk með fötlun, alltaf verst úti.

Alþjóða Rauða krossinn lýsti nýlega yfir rauðu neyðarstigi vegna alvarleika hungursins í Afríku, sem er það hæsta, svo ástandinu er nú veitt ýtrasta athygli.

Þann 25. september 2015 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna Sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna, eða Heimsmarkmiðin. Markmiðin eru samtals 17 sem öll aðildarríki Sameinuðu þjóðanna hafa samþykkt. Heimsmarkmið númer eitt er „ENGIN FÁTÆKT“.

Fyrsta undirmarkmiðið (1.1) er svohljóðandi:

Eigi síðar en árið 2030 hafi sárri fátækt verið útrýmt alls staðar. Miðað verði við að enginn hafi minna á milli handanna en sem nemur 1,25 Bandaríkjadöllum á dag til að framfleyta sér.

Heimsmarkmið númer tvö er „EKKERT HUNGUR“ og undirmarkmið númer 2.1 er svohljóðandi:

Eigi síðar en árið 2030 hafi hungri verið útrýmt og aðgengi allra tryggt, einkum fátækra og fólks í viðkvæmri stöðu, þar á meðal ung- barna, að nægum, öruggum og nær- ingarrikum mat allt árið um kring.

Eru Heimsmarkmiðin orðin úrelt?

Árið 2030 er handan við hornið og það ætti flestum að vera ljóst



Þörf er á samtakamætti allra til að bregðast við þessum vanda. Fyrirtæki, stjórnvöld og einstaklingar geta lagt sitt af mörkum. Margt smátt gerir eitt stórt!

að þessi markmið eru óraunhæf meðan stór hluti mannkyns glímir við hungur og fátækt og spád er miklu hungri í Afríku.

Þegar Heimsmarkmiðin voru samþykkt árið 2015 var eflaust ekki orðið ljóst hve miklar loftslagsbreytingar gætu átt sér stað á stuttum tíma, en nú er hamfara- hlýnun sá raunveruleiki sem við búum við, þurrkur og ofsaflód tíð á mjög stórum svæðum í Afríku og við blasir aukin fátækt og hungur víðs vegar um heiminn.

Auk áhrifa loftslagsbreytinga má einnig rekja þá neyð sem nú blasir við til þess hve flutningskostnaður hefur aukist gríðarlega á stuttum tíma, sem og skorts á korni vegna átaka í Úkraínu.

Þessi neyð kemur ofan aðra neyð sem íbúar í þessum hluta heimsins hafa þurft að þola undanfarin ár, eins og Ebólu og Covid-19 faraldur.

Rauði krossinn á Íslandi hefur styrkt samfélög í Afríku
Í síðasta mánuði veitti Rauði krossinn á Íslandi, með stuðningi utan- ríkisráðuneytisins og Mannvina, rúmlega 28 milljónum íslenskra króna til mannúðaraðgerða í Sómalíu. Sömu fjárhæð var veitt í aðgerðir Rauða krossins þar vegna hungurs í lok árs 2021.

Alþjóða Rauði krossinn telur að mannúðarvandinn vegna hungurs og uppskerubrests geti náð til 20 landa en 12 lönd, þar á meðal Kenía, Sómalía, Eþíópía og Angóla, eru talin í mestri hættu. Alþjóða Rauði krossinn áætlar að nú þegar sé þörf á allt að 200 milljónum svissneskra franka til að bregðast við brýnustu neyð fólks á svæðinu, en stjórnvöld, mannúðarsamtök og styrktarsjóðir hafa fjármagnað um 40% þessara aðgerða.

Hvernig bregst Rauði krossinn við?

Alþjóða Rauði krossinn er að efla starfsemi hreyfingarinnar vegna ástandsins. Byggt er á þekkingu íbúa á svæðinu um mögulegar lausnir og aðgerðirnar miða að því að mæta brýnni neyð og bjarga mannlífum í samstarfi við þá. Alþjóða Rauði krossinn leggur í fyrsta lagi áherslu á að auka aðgengi að mat og öðrum lífsnauðsynjum, í öðru lagi að bæta heilsu- far á svæðinu og í þriðja lagi að bæta aðgengi að vatni og þar með að auknu hreinlæti fyrir íbúa.

Alþjóða Rauði krossinn hefur líka kallað sérstaklega eftir sendi- fulltrúum á svæðið er hafa tækni- þekkinguna til að efla samskipti þar sem neyðin er mest, því þegar bregðast þarf hratt við og bjarga mannlífum þurfa samskiptin að ganga snurðulaust fyrir sig.

Hvað getur þú gert?

Allir geta orðið Mannvinir Rauða krossins (mannvinir.is), sem styrkja einmitt viðbrögð hreyfing- arinnar vegna hungurs í Afríku og fyrirtæki, sveitarfélög og stjórnvöld geta svo tekið þátt í sjálfbærni- verkefnum Rauða krossins (raudi- krossinn.is/styrkja/sjalfbaerni- verkefnid/), sem er ætlað að styðja við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Fjöldmörg fyrirtæki hafa þegar lagt sitt af mörkum. Í nóvember 2020 styrkti Marel Alþjóða Rauða krossinn til að mynda um eina milljón evra, sem var nýtt til að auka fæðuöryggi viðkvæmra samfélaga í Suður-Súdan. ■



Þetta er það sem kallað er pilsfalda- kapitalismi.

inn að halda því fram að tvískinn- ungur sé í þeirri stefnu Viðreisnar að selja 5 prósent aflahlutdeildar á frjálsum markaði og þrengja um leið möguleika stærstu sjávarút- vegsfyrirtækja til að auka aflahlut- deild sína og fara yfir skilgreind mörk.

Tvískinnungurinn felst þvert á móti í afstöðu SFS. Þau segja að vernda verði litlu fyrirtækin með óhóflega lágu auðlindagjaldi en leggjast síðan alfarið gegn því að hindrað verði að stóru fyrirtækin geti sniðgengið reglur um hámarks aflahlutdeild og að skilgreiningar á tengdum aðilum verði þrengdar.

Jafnframt vilja þau að þorri sjá- varútvegsfyrirtækja greiði óhóflega lágt gjald fyrir einkarétt sinn til að nýta auðlindina. Því annars sé jú örfáum lakast settu fyrirtækjunum hættu búin.

Þetta er það sem kallað er pils- faldakapitalismi. Annars vegar er þetta dulbúinn ríkisstuðningur og hins vegar skálkaskjól til að afsaka að þorri atvinnugreinarinnar greiði eigendum auðlindarinnar, þjóðinni sjálfri, ekki réttlátt gjald fyrir einka- réttinn.

Viðreisn treystir útvegsmönnum best til að ákveða sjálfir eðlilegt verð fyrir einkaréttinn á frjálsum markaði.

Markaðsbúskapurinn tryggir framþróun og stöðuga endurnýjun því allir þurfa að keppa við þá sem bestum árangri ná. Í því felst þjóð- hagsleg hagkvæmni.

Viðreisn styður þetta lögmál með skýrum og gegnsæjum leikreglum til þess að koma í veg fyrir að þeir sterkustu misnoti aðstöðu sína. En SFS eru bæði með og á móti mark- aðsbúskap.

Þessi skrif þeirra minna mig á það sem meistari Þórbergur kallaði ruglanda. ■

Ruglandi



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir
formaður
Viðreisnar

Heiðrún Lind Marteinsdóttir fram- kvæmdastjóri SFS skrifar grein í Fréttablaðið síðasta fimmtudag.

Þar lýsir hún þeirri skoðun í nafni útgerðanna í landinu að þeim þyki sérkennilegt að fréttastofa Stöðvar 2 skuli kalla formann þess stjórnmála- flokks, sem mest fjallar um málefni sjávarútvegsins á Alþingi, í viðtal um málefni sem snerta greinina.

Í stað rökræðu eiga fréttamenn að skilja að háttsemi þeirra sé álitin sérkennileg ef þeir tala við stjórnmálamenn, sem bergmála ekki málflutning SFS. Hér eru sterkustu hagsmunasamtök landsins að beita óbeinum áhrifum til að loka fyrir frjálsa hugsun. Það er ógn við lýð- ræðið.

Síðan reynir framkvæmdastjór-



FRÉTTAVAKTIN

KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og

frettabladid.is



H R I N G B R A U T

Furðuleg fiskveiðiráðgjöf



Magnús Jónsson
veðurfræðingur og
áhugamaður um
fiskveiðar

Þann 21. júlí sl. voru strandveiðar stöðvaðar, 40 dögum fyrr en lög um strandveiðar gera almennt ráð fyrir. Með því var fjöldi starfa, einkum á landsbyggðinni og afkomu margra smábátasjómannanna stefnt í voða, auk þess sem neytendamarkaður fyrir ferskan fisk frá Íslandi var tíma-bundið stórlaskaður. Þó sjávarút-vegsráðherra og að einhverju leyti Alþingi beri mesta ábyrgð á þessum gjörningi er grunnur að þessari ákvörðun lagður annars staðar. Annars vegar með veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar og hins vegar í afstöðu og framgöngu Sam-taka fyrirtækja í sjávarútvegi, SFS, sem leynt og ljóst hafa frá upphafi viljað strandveiðar feigar.

Óskiljanleg tölfraði

Í byrjun júlí sendi sjávarútvegsráð-herra fyrirspurn til Hafró þar sem stofnunin var spurð hvaða áhrif 1.000 tonna viðbótarveiði hjá færa-bátum á strandveiðum hefði á þorsk-stofninn við Ísland. Svar barst fljótt og án rökstuðnings: Neikvæð áhrif! Hafa verður í huga að 1.000 tonn eru um 0,1% af áætluðum þorskstofni í ár. Það þarf því ekki mikið til að ógna viðkomu í þessum stofni!

Um miðjan júní kynnti stofn-unin ráðgjöf sína fyrir næsta fisk-veiðiár þar sem m.a. kom fram að veiðistofn þorsks við Ísland væri 976.590 tonn. Hefur veiðistofninn samkvæmt tölum Hafró fallið úr 1.364.745 tonnum 2019 eða um 390.000 tonn þrátt fyrir að síðan hafi í einu og öllu verið veitt eftir ráðgjöf hvers árs. Það er auðvitað umhugsunarefni um ráðgjöfina en ég ætla að gera aðra hlið á þessum tölum að umræðuefni.

Hér er að mínu mati verið að fara á furðulegan og raunar óskiljan-legan hátt með tölur enda látið í veðri vaka að nákvæmnin í stofn-mælingunni liggja á 6. eða 7. staf töl-unnar (1 tonn af milljón er 0.0001%). Fróðlegt er að bera þessa nákvæmni í stofnstærð þorsksins saman við nákvæmni á mælingu á öðrum teg-undum í dýraríki lands og sjávar. Samkvæmt upplýsingum hjá Nátt-úrufræðistofnun og Hafró eru spen-dýr á landi og í sjó talin í þúsundum eða tugþúsundum og má þar nefna, að hrefnur umhverfis landið eru taldar vera á bilinu 15.000-40.000 og heildarfjöldi hvala við Ísland er talinn vera 300-400 þúsund. Á landi eru refir taldir vera um 7.000 og hreindýr um 6.000 svo dæmi séu

tekin um dýr sem ætti að vera til-tölulega auðvelt að telja. Af fuglum má svo bæta við, að straumendur eru sagðar 3.000-5.000 og álku-stofninn var talinn vera um 300.000 pör fyrir um 15 árum.

Eins og fram kemur í þessum tölum eru frávik í þeim af stærðar-gráðunni 100-1.000, jafnvel 10.000 sem er a.m.k. 100-falt frávik sem Hafró fær á tonna fjöldi í veiði-stofni þorsks í meira en 750.000 fer-kílómetra fiskveiðilögsögu Íslands. Flestum ætti þó að vera ljóst að auðveldara er að telja og/eða áætla stærð stofna spendýra í sjó og á landi og fugla á eða við landið en fiska í sjónum. Öll þessi talnaleik-fimi Hafró er því fyrst og fremst blekkjandi, ekki síst fyrir almenn-ing og fréttamenn því ekki trúir ég því að reiknimeistarar stofnunar-innar trúir sjálfir þessari ofurná-kvæmni.

Æpandi þögn

Fyrir nokkrum áratugum var lif-leg umræða meðal fiskifræðinga, sjávarlíffræðinga og margra ann-arra náttúruvísindamanna um rannsóknir á fiskistofnum og lif-ríki hafsins. Smám saman lögðust slík skoðanaskipti af og nú heyrir til algerra undantekninga að opin-ber umræða fari fram um málefnið og alls ekki með þátttöku fræðinga á Hafró. Á slík þögn sér trúlega ekki hliðstæðu í vísindasamfélaginu hvorki í háskólum eða opinberum rannsóknastofnunum innan lang-flestra vísindagreina. Nægir þar að nefna greinar eins og læknis-fræði, hagfræði, veðurfræði, eld-gosafraði og margar greinar loftslagsfræðanna að ekki sé talað um fjölmargar greinar félagsvísinda og stjórnmála. En Hafró þegir þunnu hljóði og svarar ekki gagnrýni. Ekki veit ég hvað veldur þessari þögn en það hvarflar að manni að samband sé milli hennar og þöggunarinnar sem ríkir í kringum stóru sjávar-útvegsfyrirtækin, bæði meðal starfsmanna þeirra og jafnvel sam-félaganna sem þau starfa í. Þar eru hagsmunirnir trúlega of miklir til að leyft sé að rugla nokkru sem tengist fiskveiðikerfinu, enda getur atvinnuöryggið og afkoman verið í hættu.

Það segir líka sína sögu um þögnina, að á kynningarfundum Haf-rannsóknastofnunar 15. júní sl. um ráðgjöf næsta árs, þar sem mættu meira en 50 manns, þ.e. fréttamenn,



hagsmunaaðilar í sjávarútvegi og sérfræðingar Hafró o. fl. komu nánast engar spurningar fram að lokinni kynningu um efnið. Aðeins formaður Landssambands smábátaeiganda tók til máls auk eins fyrrverandi yfirmanns á Hafró sem auðvitað vissi allt um efnið en sat fundinn með hatt SFS á höfði sem hann setti upp sl. vor. En annars var þögnin æpandi á þessum fundi.

Að rannsaka og meta sjálfan sig

Allt frá því að togararallið hófst 1985 hefur það verið grunnstærð í stofnmatinu á þorski ásamt reikni-líkönum og svo og svo mörgum óþekktum eða áætluðum for-sendum. Þótt svona röll hafi tíðkast víða erlendis var það Hafró sem lagði grunn að því hér, t.d. með vali á veiðistöðum, árstíma, notkun veiðarfæra o.fl. Þrátt fyrir miklar breytingar í umhverfi hafsins síðan og verulega gagnrýni fiskimanna, hefur þessu ekki verið að ráði breytt. Þannig mótaði Hafró rann-sókaaðferðirnar og hefur síðan ein séð um gagnaöflun. Allir útreikn-ingar og líkanaþróun er á ábyrgð stofnunarinnar sem og endanlegt stofnstærðarmat. Loks kveður stofnunin upp dóma (kallað ráð-gjöf) um leyfilegt veiðimagn hvers árs á grundvelli aflareglu sem lík-lega varð til á himnum og hefur því hlotið guðlega blessun og smurn-ingu með „sveiflujöfnunaráburði“. Væri ekki ástæða til að kanna hvort

heppilegt sé og eðlilegt að einn og sami aðilinn afli gagnanna, búi til forsendur, þrói rannsókn-aðferðirnar og annist útreikninga og loki síðan hringnum með því að leggja dóm á eigið verk með ákvörð-un á aflamagni næsta árs? Hliðstætt fyrirkomulag var ekki talið ásættan-legt í íslenska dómskerfinu fyrir um 30 árum og var því þá breytt.

Lokaorð

Eftir að hafa kynnst viðhorfi sjó-manna og skipsstjórnarmanna í allmörg ár gagnvart ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar tel ég að breytinga sé þörf. Æ oftar er stofnuninni í þessum hópi líkt við fatalaus keisarann í einu frægasta ævintýri H.C. Andersens. Þá er ljóst að samkrull vísinda og stjórnmála-legra ákvarðana er afar óheppilegt fyrir rannsóknastofnun. Engum dettur í hug að fela Veðurstofnunni stefnumótun og ákvarðanir um aðgerðir í loftslagsmálum né segja mönnum fyrir um varnir gegn eld-gosum eða öðrum náttúruham-förum, þótt hún komi að því að leggja á þær áhættumat og miðla spám og öðrum gögnum. Með sama hætti og taka þurfti tillit til margra þjóðfélagslegra þátta ann-arra en sóttvarna í kóróna-faraldr-inum þurfa fleiri atriði en áætluð (ágiskud?) stærð fiskistofna að komast að þegar þessi mikilvæga og sameiginlega auðlind þjóðar-innar er nýttuð. ■

Yfirkeyrð gleði – fólk eins og við hin



Ole Anton
Bieltvedt
samfélagsrýnir og
dýraverndunar-sinni

Það vill svo til að undirritaður býr í grenndinni við Listaháskóla Íslands, en þar var regnbogafáninn dreginn að húni á Hinsegin daginn, 6. ágúst, og blaktir þar enn.

Það er auðvitað í lagi, að gleðjast með hinseginfólki og transfólki á þeirra sérstaka degi, sýna baráttu þeirra fyrir jafnrétti virðingavott og stuðning, eins og t.a.m. sjómönnum á Sjómannadaginn, en, núna, eftir háls mánaðar blakt, fer þessi flöggun regnbogafánans á Lista-háskólanum að verða hálf ólystileg; virka dálítið yfirkeyrð.

Listaháskólinn er auðvitað ríkis-stofnun, þar sem ábyrg og yfirveguð afstaða gagnvart öllum hópum þjóð-félagsins verður að gilda, og ekki á að koma til, að einn hópur sé sérstak-

lega tekinn út úr, fram fyrir aðra, og honum hampað lengur og meir en öllum öðrum.

Ýmsir aðrir aðilar, kirkjur, stofn-anir og fyrirtæki, líka sveitarfélög, virðast hafa sömu skoðun á því, að yfir hinseginfólki og transfólki verði að gleðjast sérstaklega, og, að það beri að styðja og hampa því séstak-lega, með málverki regnbogafána á stéttir, stíga og stræti og ómældri flöggun regnbogafánans.

Í sérhverju þjóðfélagi eru fjölmarg-ir hópar, sem Guð hefur skapað með ólíkum hætti og af mismunandi gerð – ekki er vitað til þess að neinn hafi skapað sig sjálfur – og er það mikil-vægt verkefni þeirra sem leida og stjórna, að reyna að finna jafnvægi og jafnrétti milli allra þessara hópa og forðast að taka þar einn fram yfir annan.

Til að nefna nokkra hópa þjóð-félagsins, sem einhverja sérstöðu hafa, samanborið við þorra manna, má byrja á örvhentum, sem munu vera um 10% mannkyns.

Flest tæki og áhöld og ýmiss bún-aður og farartæki eru hönnuð fyrir

hægrihenta, rétthenta, sem kallað er, og veldur það örvhentum oft óþæg-indum, ef ekki vandræðum, í þeirra daglega lífi.

Ekki er samt vitað til að mikið sé verið að berjast fyrir réttindum örv-hentra, hvað þá að menn gleðjist sérstaklega yfir þeim eða flaggi fyrir þeim.

Annan hóp má nefna, sem er smá-vaxið fólk, svo að ekki sé talað um dverga, en þeirra staða í daglegu lífi er auðvitað ennþá óþægilegri eða erfiðari en örvhentra.

Það er nánast ekkert gert sér-staklega fyrir þá, þeir neyðast til að aðlaga sig og setta sig við muni og aðstæður sem eru hannaðar og gerðar fyrir „venjulegt fólk“; fólk af meðal stærðargráðu.

Þá má líka líta til þeirra sem eru hávaxnir, kannske tveggja-metra-menn, sem verða að sæta margvís-legum óþægindum, órétti, þar sem hvorki dyr, stólar, rúm, bílar eða flugvélar eru sérstaklega hannaðar fyrir þá.

Vill einhver gleðjast sérstak-lega yfir tveggja-metra-mönnum?

Flagga? Mála stéttir? Skólameistarar, sóknarprestarnir, oddvitar?

Svo mætti lengi tína til hópa, sem eru öðruvísi af Guði gerðir en almennir, og hafa haft af því óþægindi, jafnvel alvarlega vanlíð-an, þjáningar, eins og hinsegin fólk og trans fólk, án þess að hafa verið taldir miklir gleðigjafar eða sérstak-lega hátt skrifadír.

Tökum fatlaða, þroskahefta, sjúkl-inga, hörundsökka, hjólastóla-fólk, Pólverja, alkóhólista o.s.frv. Allt er þetta fólk sem Guð hefur skapað eins og það er, með sérstök gen og edlisfar, sem hefur leitt það inn á ákveðnar brautir, misgæfulegar og -gleðilegar, en skylda okkar allra er að reyna að finna sanngjarna og réttmæta lausn, jafnrétti, fyrir alla og forðast það að taka einn hóp sérstaklega út úr, hér hinseginfólk og trans fólk, sem mun vera 3-5% upp í 10% af mannfélk-inu, eftir því hvernig þetta er metið og talið, og gleðjast sérstaklega yfir honum; láta eins og þessi eini hópur sé útvalinn gleðigjafahópur, sem einn á skilið árlega skrudgöngu og pomp og prakt.

Talandi um skrudgöngur hin-seginfólks, þá spyr ég mig oft hvað sumum þátttakendum þar gengur eiginlega til með hömlulitlum kyn-ferðislegum tilburðum, dansi, skaki og rúnti, fáklaðdir og strípaðir, eins og að slík hegðun sé æðsta dyggð góðra manna. Fyrir mér, oftast óvið-eigandi og smekklaus fiflagangur.

Að mati margra fer bezt á því, hver svo sem hópurinn kann að vera, að menn haldi sínum kynferðismálum fyrir sig og sinn eða sína. Haldi þeim sem sínum einkamálum, sem lítið erindi eiga á torg.

Ég þekki góða og gegna menn sem eru hinsegin, á sama hátt og ég þekki flotta tveggja-metra-menn, lág-vaxna, hörundsökka og örvhenta, enda allt fólk eins og við hin, og fynd-ist mér gott ef við gætum umgengist alla jafnt, sýnt öllum, ekki þá sízt fötludum, þroskaheftum, sjúkum og þeim sem fastir eru í hjólastólum, líka öllum þeim öðrum, sem eiga á annan hátt undir högg að sækja í lífinu, velvild, virðingu, sanngirni og leitað jafnréttis og velferðar fyrir alla. ■

En Hafró þegir þunnu hljóði og svarar ekki gagnrýni. Ekki veit ég hvað veldur þessari þögn en það hvarflar að manni að samband sé milli hennar og þöggunar-innar sem ríkir í kringum stóru sjávarút-vegsfyrir-tækin.

Bandaríkin og öryggi Íslands



Hilmar Þór Hilmarsson
prófessor við Háskólann á Akureyri

Bandaríkin eru meðal vinabjóða Íslendinga. Bandaríkin voru fyrsta landið til að viðurkenna sjálfstæði Íslands 17. júní 1944. Íslandi var boðið á Bretton Woods ráðstefnuna sem haldin var í New Hampshire, Bandaríkjunum 1. til 22. júlí 1944. Bandaríkin voru í forystu og á þessari ráðstefnu var lagður grunnur að stofnun Alþjóðabankans og Alþjóðavarasjóðsins. Ísland sendi fimm manna sendinefnd á ráðstefnuna enda var hún mikilvæg og hafði mikið táknrænt gildi fyrir Ísland. Fulltrúar Íslands komu þarna fram fyrir hönd sjálfstæðs ríkis, nýstofnaðs lýðveldis. Danir gátu aðeins sent áheyrnarfulltrúa á Bretton Woods rástefnuna enda var heimsstyrjöldinni síðari ólokið. Ísland varð einnig stofnaðili að NATO með því að undirrita svokallaðan North Atlantic Treaty í Washington 4. apríl 1949. Þann 5. maí 1951 var svo undirritaður tvíhliða varnarsamningur við Bandaríkin sem enn er í gildi. Með þessu var Ísland búið að skipa sér í hóp vestrænna ríkja. Segja má að NATO aðild og tvíhliða varnarsamningur við Bandaríkin hafi hjálpað við lausn landhelgisdeilunnar, en útfærsla landhelginnar var grundvallaratriði til að tryggja efnahagslegt sjálfstæði Íslands. Þetta var á tímum kalda stríðsins. Bandaríkin þurftu aðstoðu á Íslandi og voru tilbúin að aðstoða Ísland ef eftir því var leitað. Varnarsamningurinn og aðild að NATO olli hörðum deilum á Íslandi. Samt má segja að nánin stjórnmálasamskipti við Bandaríkin á tímum kalda stríðsins hafi gefið Íslandi auknið vægi á alþjóðavettvangi. Önnur lönd vissu að Ísland átti nokkuð greiðan aðgang að stjórnvöldum í Washington.

Kalda stríðinu lýkur – herinn fer
Eftir að Sovétríkin hrundu og kalda stríðinu lauk minnkaði áhugi Bandaríkjanna á Íslandi. Árið 2006 tilkynntu Bandaríkin að þau myndu halda áfram að sinna vörnu Íslands en án varanlegs herliðs í landinu. Þessi ákvörðun var tekin í óþökk íslenskra stjórnvalda sem vildu bandaríska viðveru á Keflavíkurflugvelli og lögðu sérstaka áherslu á varanlegan loftvarnir. Varnarsamningurinn var enn í gildi en stórveldi túlka samninga eftir eigin höfði og á eigin forsendum. Á tímum kalda stríðsins fóru hagsmunir landanna saman. Það breyttist þegar Sovétríkin féllu.

Í aðdraganda efnahags- og fjármálakreppunnar sem skall á haustið 2008 höfðu bandarísk stjórnvöld takmarkaðan áhuga á að aðstoða Ísland. Seðlabanki Bandaríkjanna gerði gjaldeyrisskiptasamninga við Seðlabanka Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar en sleppti Íslandi. Þetta olli sárindum hjá Íslenskum stjórnvöldum. Svo má deila um hvort slíkur samningur hefði komið Íslandi vel til lengri tíma litið, en fálæti Bandaríkjanna í garð Íslands á þessum tíma sagði sína sögu. Ísland hafði ekki sömu vigt í Washington og á tímum kalda stríðsins.

Staða Bandaríkjanna innan lands og utan

Staða Bandaríkjanna í alþjóðasamskiptum í dag er flókin. Stríðið í Úkraínu er háð án bandarískra hermanna, en að miklu leyti með bandarískum vopnum. Hætti Bandaríkin stuðningi við Úkraínu verður staða landsins gagnvart Rússlandi fljótt vonlaus. Ósigur Úkraínu yrði túlkaður sem ósigur Bandaríkjanna. Bandaríkin eiga líka í harðnandi deilum við Kína vegna Taívan. Síðasta útspilið í því máli var heimsókn forseta fulltrúa-deildar Bandaríkjaþings, Nancy Pelosi, til Taívan, án þess að eiga nokkurt formlegt erindi. Hörð við-



Aukið öryggi og eftirlit á Norður-Atlantshafi skiptir máli fyrir NATO. Þar hefur Ísland hlutverki að gegna og það blasir við að efla Landhelgisgæsluna til muna.

brögð Kínverja voru fyrirsjáanleg. Bætti þessi heimsókn samskipti milli Bandaríkjanna og Kína? Var Taívan betur sett í öryggismálum eftir þessa heimsókn? Svárið við báðum spurningunum er NEI. Heimsóknin var bensín á þann ófriðareld sem nú ríkir í alþjóðasamskiptum.

Staðan í innanríkismálum Bandaríkjanna er ekki síður flókin. Kosning Donald Trump 2016 sýnir að þjóðin er klofin. Mörgum Bandaríkjamönnum finnst að þeir séu vanræktir, hafi verið skildir eftir, hafi tapað einhverju. Slagorð eins og „Make America Great Again“ höfðu til þessa fólks. Einangrunarstefna selst líka vel við svona aðstæður. Trump hafnaði viðskiptasamningum við Asíu og Evrópu. Þetta átti að vera „America first policy.“ Trump sagði líka að NATO væri úrelt stofnun. Verði Trump eða annar forseti með svipaðar skoðanir kjörinn í Bandaríkjunum árið 2024 vakna auðvitað spurningar um hvort Evrópa og þar með Ísland geti treyst á Bandaríkin í öryggismálum. Óvissan í innanríkismálum Bandaríkjanna getur haft afgerandi áhrif á utanríkismál.

Hvað á Ísland að gera?

Almennt hafa samskipti Bandaríkjanna og Íslands verið góð en það er óvissa fram undan. Við vitum ekki hvernig átök Bandaríkjanna við Rússland og Kína munu enda. Það felst áhætta í því fyrir smáþjóð að taka afstöðu með einu stórveldi gegn öðru. Staðan í Evrópu er erfið í efnahags- og öryggismálum. Ísland þarf að huga betur að sínum öryggismálum og krafa NATO um aukin framlög Íslands verður háværari. Ísland á að forðast að taka þátt í eyðumerkurhernaði í löndum eins og Afganistan og Írak eða fjármagna vopnaflutninga eins og gert hefur verið. Í staðinn getum við boðið það sem við kunnum og getum gert vel. Aukið öryggi og eftirlit á Norður-Atlantshafi skiptir máli fyrir NATO. Þar hefur Ísland hlutverki að gegna og það blasir við að efla Landhelgisgæsluna til muna og sú vinna hefur þegar hafist með tveimur varðskipum sem eru öflugri en áður hefur þekkt. Auk þess þarf að vera öflug sersveit á Íslandi til að bregðast við hugsanlegum hryðjuverkum.

Á Ísland að stofna eigin her?

Í fyrstu grein Varnarsamningsins segir meðal annars: „Bandaríkin munu fyrir hönd Norður-Atlantshafsbandalagsins....gera ráðstafanir til varnar Íslandi...“ Stofnun formlegs hers skipaðs Íslendingum er hæpin. Taki Ísland að sér aukið hlutverk varðandi öryggi og eftirlit á Norður-Atlantshafi hlýtur að vera hægt að semja við Bandaríkin og NATO um varnarviðbúnað á Íslandi sem auðvitað er sibreytilegur og missýnilegur. Ísland þarf að leggja áherslu á góð samskipti við Bandaríkin í framtíðinni en um leið forðast deilur við önnur stórveldi eins Kína sem er mikilvægt í viðskiptalegu tilliti fyrir Ísland og alla Evrópu. Vegna Úkraínustríðsins getur orðið langur tími þar til samskipti Rússlands við Evrópu verða eðlileg á ný. ■



Stríðið í Úkraínu er háð án bandarískra hermanna, en að miklu leyti með bandarískum vopnum.

Virkjum fallega



Jóhannes Stefánsson
lögfræðingur Viðskiptaráðs

Khao Sok þjóðgarðurinn í Taílandi er mögulega sá staður sem kemst næst því að vera paradís á jörðu. Hann einkennist af þverhniptum, háum kalksteinsfjöllum sem standa upp úr kristaltæru, smaragðsgrænu stöðuvatni. Í fjöllumum vex iðagrænn frumskógur, fullur af lífi.

Þrátt fyrir að vera ekki nema um þrefalt stærri en Reykjavík er þjóðgarðurinn heimkynni gríðarlegs fjölda dýrategunda, meira en 5% þeirra sem þekktar eru á heimsvísu. Stöðuvatnið, lífríkið og landslagið hefur gríðarlegt aðdráttarafl og fyrir vikið er Khao Sok vinsæll ferðamannastaður. En það er nýlega til komið.

Það er ótrúlegt til þess að hugsa að stöðuvatnið, sem má segja að sé þungamiðja þjóðgarðsins, er manngert. Það heitir Cheow Larn og þekur um fjórðung garðsins. Vatnið er uppistöðulón Ratchaphra stíflunnar sem var tekin í gagnið 1987. Framleiðslugetan er 240 megavött af hreinni, endurnýjanlegri orku sem slagar í uppsett afl Búrfellsvirkjunar, 270 megavött. Þrátt fyrir óspillta náttúru hafði Khao Sok ekki það aðdráttarafl sem það nú hefur eftir að stíflan var reist.

Lífið er orka og orka er lífið

Óreiða er náttúrulegt ástand alheimsins. Manneskjan reynir að aðlaga umhverfið að þörfum sínum og þar með koma reiðu á það. Tilvera okkar er barátta gegn óreiðunni. Skjárin sem þú ert að horfa á núna er birtingarmynd þessa og beinn afrakstur þess að mannshöndin hefur beislað náttúruöflin til orkuframleiðslu og búið til úr þeim eitthvað sem hjálpar okkur í lífsbaráttunni. Skjárin er í þeim skilningi ónáttúrulegur og það sama má segja um raflagnirnar í húsinu þínu, ljósaperurnar og kaffivélina. Meira að segja pottaplönturnar þínar eru þar ekki af náttúrulegum orsökum. Sennilega vilt þú ekki án þessa vera.

Mannleg tilvera útheimtir orku, hvort sem hún fer fram í hellum eða háhýsum. Orkan er notuð til þess að búa til heimili, vegi, skóla, lyf og lækningatæki. Lífskjör og velferð okkar allra eru, enn sem komið er, í órjúfanlegu samhengi við orkuna sem við beislum. Lífið er orka og orka er lífið.

Lífið er ekki sársaukalaust

Baráttan við óreiðuna fer fram með inngrípum í náttúruna. Það fylgir því samt alltaf fórnarkostnaður að raska óspilltri náttúru. Það veit sennilega enginn nákvæmlega hver sá fórnarkostnaður var í Khao Sok og þrátt fyrir mótvægis- og björgunaraðgerðir er ljóst að fjöldi dýra af ólíkum tegundum lifði framkvæmdina ekki af enda breytti hún vistkerfi stórs hluta þjóðgarðsins verulega.

Í þessu tilfelli var ávinningurinn talinn meiri en fórnarkostnaðurinn. Þrátt fyrir allt þrífst fjölbreytt lífríki áfram í Khao Sok. Svæðið tók stakkaskiptum og er í dag gríðarfalllegt og laðar að sér fjölda gesta árlaga. Tailendingar búa nú einnig yfir hreinni, endurnýjanlegri orku. Þessi orka er svo undirstaða verðmætasköpunar, sem aftur er órjúfanleg forsenda velferðar.

Það skal ósagt látið hvort virkjunin í Khao Sok hefði getað orðið að veruleika í íslensku laga- og stofnanaumhverfi. Sennilega ekki. Hvað



Mannleg tilvera útheimtir orku, hvort sem hún fer fram í hellum eða háhýsum. Orkan er notuð til þess að búa til heimili, vegi, skóla, lyf og lækningatæki.

sem því líður má samt færa sannfærandi rök fyrir því að ákvörðun um að reisa Ratchaphra stífluna hafi verið skynsamleg, þótt hún hafi ekki verið sársaukalaus.

Náttúran er líka mikilvæg

Dæmið um Khao Sok þjóðgarðinn á brýnt erindi við þau okkar sem hafa bæði áhuga á velferð og náttúruvernd. Það eru líklega flestir Íslendingar sem falla þar undir. Saga okkar, afkoma og lífsgæði eru svo nátengd íslenskri náttúru að það eru harla fáir sem skilja ekki mikilvægi hennar. Að sama skapi er sá vandfundinn sem segist ekki vera umhugað um velferð. En það er ekki síður mikilvægt að skilja hvað velferð er og hvernig hún verður til.

Velferð okkar sem þjóðar byggir ekki síst á gæfu okkar til þess að virkja náttúruöflin til orkuframleiðslu. Það er jafnvægislist að gæta að náttúrunni en beisla krafta hennar á sama tíma, eins og dæmið um Khao Sok sýnir okkur. Þetta er vel hægt með skynsemi að leiðarljósi og við eigum aldrei að raska óspilltri náttúru meira en þörf krefur.

Við eigum alltaf að velja þá kosti sem veita mestan ávinning með minnstum fórnarkostnaði. Það er líka mikilvægt að nýta orkuna skynsamlega og að sama skapi eru einhverjir hlutar náttúrunnar sem við viljum af góðum og gildum ástæðum ekki undir neinum kringumstæðum hrófla við.

Ekki gefast upp

En það er aldrei hægt að fallast á að það megi ekki undir nokkrum kringumstæðum hrófla við neinum hluta náttúrunnar. Ef náttúran á alltaf að njóta vafans þá er engin mannleg velferð í boði og rangt að halda öðru fram. Svo öfgakennd afstaða getur ekkert annað leitt af sér en versnandi lífskjör okkar allra til langrar framtíðar. Þá neitum við okkur og afkomendum okkar um lífskjörin sem við þekkjum í dag. Þeim mun hratt versna, nema ofýrirséðar tækniframfarir séu handan við hornið.

Vonandi biður okkar bylting í orkuframleiðslu, til dæmis með kjarnasamruna. Það gæti breytt dæminu verulega. Við getum hins vegar ekki stefnt inn í framtíðina upp á von og óvon um að það gerist einhvern tímann á næstunni.

Eina leiðin til að fullnægja þessari stefnu til hins ítrasta er að leggjast niður, deylla og verða sjálf hluti af óreiðunni. Við gerum það vissulega öll á endanum, en eigum við ekki að reyna að vera til þar til að því kemur? ■

Merkisatburðir

- 1944** Sveinn Björnsson, forseti Íslands, og Franklin D. Roosevelt, forseti Bandaríkjanna, ræðast við í Hvíta húsinu í Washington – í opinberri heimsókn Sveins í Bandaríkjunum.
- 1957** Breski leikarinn **Stephen Fry** fæddur.
- 1968** Norræna húsið í Reykjavík er vígt.
- 1990** Armenía lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
- 1991** Úkraína lýsir yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum.
- 2006** **Plútó** telst ekki lengur til reikistjarna sólkerfisins, samkvæmt samþykkt á þingi Alþjóðasambands stjarnfræðinga.
- 2008** Ísland vinnur silfurverðlaun í handbolta á Ólympíuleikunum í Peking 2008.



Þjóðhátíðardagur og hálf t ár frá innrás í Úkraínu

Liðið er hálf t ár frá upphafi innrásar Rússa í Úkraínu, sem rekið hefur fjölda fólks á vergang og kostað ótal mannlíf. Í dag fagna Úkraínunenn þjóðhátíðardegi sínum og 31 árs sjálfstæðisafmæli landsins.

thorggrimur@frettabladid.is

Í dag, 24. ágúst, er liðið 31 ár síðan Úkraína lýsti yfir sjálfstæði frá Sovétríkjunum. Þennan áfanga ber upp á sama tíma og sex mánuðir eru liðnir frá upphafi innrásar Rússa í Úkraínu, þar sem Rússar reyna að endurheimta hluta þess landsvæðis sem slapp undan stjórn Moskvu árið 1991.

Olena Jadallah, hagfræðidoktor og fyrrum aðstoðarborgarstjóri í Írþín, var sjö ára gömul þegar Úkraína lýsti yfir sjálfstæði árið 1991 og var þá nýflutt með fjölskyldu sinni í nýtt hús í Bútsja. „Ég var svo spennnt yfir því að fara í skólann í fyrsta skipti, en foreldrar mínir voru spennntir yfir sjónvarpsfréttunum um sjálfstæðisfirlýsinguna. Ég man sérstaklega eftir tárur afa míns, Petro, sem var hermaður sem varði landið átján ára gamall árið 1944. Hann hafði beðið svo lengi eftir þessum degi... hann fór að biðja til Guðs og gráta.“

Olena segir þó að stundum finnst sér sem Úkraína hafi enn verið gamla úkraínska sovétlýðveldið allt fram að 24. febrúar 2022. „Við kunnum ekki að meta frelsið, sjálfstæðið og sterka efnahaginn sem við eignuðumst árið 1991. Við vorum ekki reiðubúin fyrir ný tækifæri og skyldur sem framtíðin bar í skauti sér, sérstaklega ekki stjórn málaelítan. Við höfðum ekki sameiginlega framtíðarsýn fyrir Úkraínu og enga áætlun. Við skildum ekki hverjir voru vinir okkar og hverjir óvinir.“

Olena segir að innrásin hafi breytt öllu. „Við urðum samheldnari. Í dag erum við öll að berjast saman fyrir frelsi okkar, fyrir framtíðinni og fyrir nýju úkraínsku sjálfstæði. Og við munum án efa vinna stríðið gegn Rússlandi.“

Olena ætlar að hefja þjóðhátíðardaginn með því að hlusta á ávarp Volodimirs Selenski forseta og hringja í foreldra og fjölskyldu sína í Úkraínu. Hún gerir ráð fyrir að fagna deginum með löndum sínum og íslenskum og erlendum vinum, með fánanum, þjóðsöngnum og hefðbundnum búningum eins og vísjvanka. Olena er í sambandi við úkraínsk samfélög í öðrum löndum og þiggur bæði boð þeirra á þeirra viðburði og hvetur þá til að kynna gestrisinni og náttúrufegurðinni á Íslandi.

Sögðum fyrst nei við Moskvu

Íhor Stakh, úkraínskur rannsóknarblaðamaður sem kom til Íslands árið 2020, telur þó ekki að Úkraína hafi í reynd orðið sjálfstætt ríki fyrr en um tuttugu árum eftir sjálfstæðisfirlýsinguna. Fyrstu forsetar landsins hafi allir verið auðsveipir stjórnvöldum í Kreml



Olena kom til Íslands í febrúar, stuttu eftir að innrásin hófst. Hún segist leggja áherslu á að segja börnum sínum söguna af sjálfstæðisbaráttu Úkraínu. MYND/ADSEND

”

Ég man sérstaklega eftir tárur afa míns, Petro, sem var hermaður sem varði landið átján ára gamall árið 1944. Hann hafði beðið svo lengi eftir þessum degi... hann fór að biðja til Guðs og gráta.



Olena Jadallah

”

Á þessu ári er ég í fyrsta sinn stoltur af heimalandinu mínu. Úkraína er ekki eins stórt eða sterkt land og Rússland, en það sagði nei við Rússa og sagði farðu burtu, Pútín.



Íhor Stakh

og hafi farið eftir fyrimælum þeirra í flestum málum.

„Það var fyrst með appelsínugulu byltingunni sem Úkraína sagði nei við Moskvu,“ segir Íhor og vísar þar til fjöldamótmælanna árið 2004 þar sem tugþúsundir Úkraínumanna mótmæltu meintu kosningasvindli í forsetakosningum þar sem Viktor Janúkovits, handvalinn eftirmaður Leonids Kútsjma forseta, hafði verið lýstur sigurvegari. Mótmælin leiddu til þess að kosningarnar voru ógiltar og frambjóðandi stjórnarandstöðunnar, Viktor Júsítsjenko, var kjörinn forseti.

„Við hættum að vera eins og hluti af Moskvu og þorðum að gera eins og við vildum,“ segir Íhor. „Janúkovits var eins og maður frá Moskvu. Kútsjma vildi gera Janúkovits að forseta og fólk sagði nei. Þetta var í fyrsta sinn sem Úkraína sagði nei við Pútín.“

Íhor segir að á æskuárum hans hafi menntun víða í Úkraínu verið einungis á rússnesku og að rússneska hafi verið

aðaltungumálið í háskólum landsins. Þetta hafi farið að breytast eftir appelsínugulu byltinguna. Júsítsjenko hafi hins vegar ekki verið sterkur forseti og hafi guggnað í mikilvægum málefnum þegar Rússar hótuðu að loka á gasflutninga til Úkraínu. „Ef Júsítsjenko hefði verið sterkur eins og Selenski núna, hefði Úkraína kannski getað byrjað að vera í alvöru sjálfstæð fyrr.“

Íhor segist mögulega munu fagna þjóðhátíðardeginum með því að elda úkraínska þjóðarréttinn borsstj fyrir vini sína sem ekki hafa smakkað hann áður. „Á þessu ári er ég í fyrsta sinn stoltur af heimalandinu mínu. Úkraína er ekki eins stórt eða sterkt land og Rússland, en það sagði nei við Rússa og sagði farðu burtu, Pútín.“

Haldið verður upp á þjóðhátíðardag Úkraínu í Norræna húsinu frá klukkan þrjú í dag. Verður þar opin fánavinnslustofa, boðið verður upp á úkraínska rétti og úkraínskir tónlistamenn munu stíga á svið. ■



+

Elskulegi bróðir okkar,
mágur og frændi,

Sigurjón Grétarsson

Hátúni 10, Reykjavík,

lést á heimili sínu þann 18. ágúst.
Jarðarförin verður auglýst síðar.

Sigríður G. Kærnested, Erna Grétarsdóttir og fjölskyldur.



+

Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,

**Margrét Kristín
Sigurðardóttir**

lést á Landspítalanum þann 21. ágúst.

Kristín Vala Ragnarsdóttir

Halldór Páll Ragnarsson

Sigurður R. Ragnarsson

Margrét Dóra Ragnarsdóttir Hjálmar Gíslason

og barnabörn.

Jóhanna Hulda Jónsdóttir

Þórdís Kjartansdóttir

+

Elskulegur frændi okkar,

Steinþór Friðriksson

Lönguhlið 1b, Akureyri,

lést af slýsförum 10. ágúst síðastliðinn.
Útför hans hefur farið fram í kyrrþey
að ósk hins látna. Hjartans þakkir fyrir
samúðarkveðjur og hlýhug.

**Bernharð Haraldsson
Hrafnhildur Óladóttir
Linda Óladóttir
og fjölskyldur.**



+

Ástkær faðir okkar,
afi, langafi og langalangafi,

Sveinn Jensson

matreiðslumaður,
áður til heimilis að Þykkvabæ 10,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 12. ágúst.
Útförin fer fram í kyrrþey. Sérstakar þakkir
til starfsfólks 4. hæðar Hrafnistu í Hafnarfirði.

Jón Heiðar Sveinsson

Sigrún Harpa Hauksdóttir

Esther Selma Sveinsdóttir

Lilja Sveinsdóttir

Sveinbjörn Sveinsson

barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnbarn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.

+

Elsku mamma okkar,
tengdamamma og amma,

Dóra Hannesdóttir

Didða,

Gullsmára 9,

lést mánudaginn 22. ágúst.

Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju
föstudaginn 26. ágúst klukkan 15.

Guðrún Jónsdóttir

Freysteinn G. Jónsson

Edda Ólína S. Jónsdóttir

Kolbrún Jónsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

Steingrímur Hauksson

Björg Kjartansdóttir

Ólafur Björnsson

Heimir Barðason

og ömmubörn.

+

Hjartkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Arni Sigvaldason

Hafnarfirði,

lést á líknardeild Landspítalans
í Kópavogi 5. ágúst 2022.

Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.
Innilegar þakkir til starfsfólks líknardeildarinnar Kópavogi
og líknarþjónustu HERU fyrir einstaka umönnun og hlýtt
viðmót. Þökkum auðsýnda samúð.

Sigríður Tómasdóttir

Ívar Árnason

Hlíf Ingibjörg Árnadóttir Jörgensen

Xaverine Árnason Bates, Claus Jörgensen,

Júliana Björt Ívarsdóttir, Freyja Celeste Ívarsdóttir Bates



Skannaðu QR
kóðann og
fáðu nánari
upplýsingar

VERNDUM BÖRN
GEGN OFBELDI
KAUPUM ARMBANDIÐ



Barnaheill

www.barnaheill.is

Dagskrá

Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Markaðurinn Viðskiptafréttir samtímans í umsjón blaðamanna Markaðarins.
- 19.30 Sólheimar 90 ára - Seinni þáttur.
- 20.00 Lengjudeildarmörkin Hörður og Hrafnkell fara yfir úrslit og mörk í Lengjudeild karla í knattspyrnu.
- 20.30 Fréttavaktin Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 21.00 Markaðurinn

RÚV Sjónvarp

- 13.00 Heimaleikfimi
- 13.10 Kastljós
- 13.25 Útsvar 2013-2014
- 14.30 Söngvaskáld
- 15.10 Hvunnudagshetjur
- 15.40 Þú ert hér
- 16.00 Heilabrot
- 16.30 Orðbragð II
- 17.00 Græni slátrarinn
- 17.30 Náttúran mín
- 18.00 KrakkaRÚV
- 18.01 Hæ, Sámur
- 18.08 Lundaklettur
- 18.15 Víkingaprinsessan Guðrún
- 18.20 Lestrarhvatni
- 18.27 Skotti og Fló
- 18.34 Sjóræningjarnir í næsta húsi Hressir teiknimyndapættir um ævintýri sjóræningjanna í Daufhöfn og Matthildi vin-konu þeirra. e.
- 18.45 Lag dagsins
- 18.52 Víkinglöttó
- 19.00 Fréttir
- 19.25 Íþróttir
- 19.30 Veður
- 19.35 Kastljós
- 20.00 Með okkar augum
- 20.35 Keramik af kærleika
- 21.10 Nútímafjölskyldan Þriðja þáttaröð þessara sænsku þátta um flækjurnar sem geta verið í samsettum fjöl-skyldum. Martin, Katja, Lisa og Patrik takast á við lífið, óléttu og biðina eftir barni. Aðalhlutverk: Vera Vitali, Erik Johansson, Fredrik Hallgren og Petra Mede. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 22.00 Tiúfréttir
- 22.15 Veður
- 22.20 Louis Theroux: Lífið á ystu nõi
- 23.15 Ófærð III
- 23.55 Dagskrárlok

Sjónvarp Símans

- 06.00 Tónlist
- 12.30 Dr. Phil
- 13.15 The Late Late Show
- 14.00 The Block
- 15.00 How We Roll
- 15.25 Black-ish
- 15.50 We Need to Talk About Cosby
- 16.55 90210
- 17.40 Dr. Phil
- 18.25 The Late Late Show with James Corden
- 19.10 Kenan
- 19.40 The Neighborhood
- 20.10 Nánar auglýst síðar
- 21.00 Transplant
- 21.50 Yellowjackets
- 22.50 Queen of the South
- 23.35 The Late Late Show
- 00.20 FBI: Most Wanted
- 01.05 Yellowstone
- 01.50 The Resident
- 02.35 The L Word: Generation Q
- 03.30 In the Dark
- 04.00 Tónlist

Stöð 2

- 07.55 Heimsókn
- 08.15 The Mentalist
- 09.00 Bold and the Beautiful
- 09.20 Manifest
- 10.00 Spegill spegill
- 10.25 Dýraspítalinn
- 10.50 Kjötætur óskast
- 11.40 Matargleði Evu
- 12.00 Um land allt
- 12.40 Nágrannar
- 13.00 Ísskápastríð
- 13.35 Gulli byggir
- 14.25 Skreytum hús
- 14.35 Einkalífið
- 15.10 Lóa Pind: Bara geðveik
- 15.35 Fósturbörn
- 16.00 X-Factor Celebrity
- 17.05 Last Week Tonight with John Oliver
- 17.35 Bold and the Beautiful
- 18.00 Nágrannar
- 18.27 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.50 Sportpakinn
- 18.55 Ísland í dag
- 19.05 LXS
- 19.25 Backyard Envy
- 20.10 Cheaters
- 20.40 Coroner
- 21.25 Unforgettable
- 22.10 Girls5eva
- 22.35 NCIS: New Orleans
- 23.15 S.W.A.T.
- 00.00 Absentia
- 00.45 Animal Kingdom
- 01.30 The Mentalist
- 02.10 Manifest
- 02.50 X-Factor Celebrity

Rýnt í vaxtamálin og vendingar á fjölmiðlamarkaði

Markaðurinn verður á sínum stað í dagskrá Hringbrautar í kvöld, en þar mun Magdalena Anna Torfa-dóttir ræða við Bergþóru Bald-ursdóttur, hagfræðing Íslands-banka, um vaxtahorfur í landinu. Þá mun Guðmundur Gunnarsson ræða við Heiðar Guðjónsson, fyrrverandi forstjóra Vodafone, um vendingar á fjölmiðla- og fjarskiptamarkaði, en hann hætti nýverið hjá Vodafone. ■



Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

- LÁRÉTT
- 1 beitt
 - 5 skordýr
 - 6 hljóm
 - 8 lasleiki
 - 10 í röð
 - 11 skagi
 - 12 skil
 - 13 seytlar
 - 15 mælieining
 - 17 skína

- LÓÐRÉTT
- 1 hlífðarlag
 - 2 hnött
 - 3 busl
 - 4 spil
 - 7 vél
 - 9 hrjóta
 - 12 öl
 - 14 eldsneyti
 - 16 úr hófi

LÓÐRÉTT: 1 sítlegg, 2 kulur, 3 ösl, 4 póker, 7 nes, 12 mörk, 13 agar, 15 gallon, 17 stafa.
LÁRÉTT: 1 sköpp, 5 lús, 6 öm, 8 illiska, 10 tu, 11 maskína, 9 snörta, 12 malt, 14 gas, 16 of.

Sudoku

8		3	1	9		2	4	
		7	2					9
		4	5				1	
				1				4
	6						9	
7	9	2		3			6	
1		6		5				8
2	4			8	7	6		
	8					9		

							1	3
		3	5	9				
		4		6				
7								5
			6	5		7	9	
	5		3			1	2	
6		1				2	4	
3				4		9		
			9	8			6	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Pondus



Eftir Frode Øverli

Hvað er að fréttar?

Þú finnur allar nýjustu fréttir dagsins á frettabladid.is. Innlendar og erlendar fréttir, léttar fréttir, íþróttaréttir, viðskiptaréttir, skoðanapistla, spottið og auðvitað blað dagsins ásamt eldri blöðum.



Skannaðu kóðann

frettabladid.is



Magnús Geir Þórðarson Þjóðleikhússtjóri fer yfir komandi leikár hjá Þjóðleikhúsinu og þær áskoranir sem leikhúsið hefur tekist á við í gegnum heimsfaraldurinn.

tsh@frettabladid.is

Magnús Geir Þórðarson Þjóðleikhússtjóri er landsmönnum vel kunnur, en hann hefur stýrt svo gott sem öllum íslenskum atvinnuleikhúsum á ferli sínum og starfaði sem útvarpsstjóri RÚV um nokkurra ára skeið. Magnús segir komandi leikár hjá Þjóðleikhúsinu vera ótrúlega fjölbreytt og samanstanda af góðri blöndu stórsýninga, nýrra íslenskra verka, formtilrauna og barnasýninga.

„Við erum með tvær stórsýningar sem við frumsýnum á árinu, annars vegar verðlaunasöngleikinn Sem á himni, sem er búinn að vera lengi í undirbúningi hjá okkur. Hér er um frumflutning að ræða á þessum dásamlega söngleik í metnaðarfullri uppsetningu.“

Sem á himni er byggt á samnefndri sænskri bíómynd eftir Carin og Kay Pollak sem vann til Óskarsverðlauna 2004. Unnur Ösp Stefánsdóttir leikstýrir einvalaliði leikara og söngvara, en með aðalhlutverk fara Elmar Gilbertsson, Salka Sól, Valgerður Guðnadóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Hinrik Ólafsson og Katrín Halldóra Sigurðardóttir. Jón Ólafsson er tónlistarstjóri og Lee Proud er danshöfundur.

„Við höfum þá trú og tilfinningu að þetta verk sé akkúrat það sem þjóðin vilji og þurfi núna í kjölfar Covid. Þetta verður sannkölluð veisla,“ segir Magnús Geir.

Ekki dæmigerð barnasýning

Hitt stóra verkið sem um ræðir er stórsýning fyrir börn og fjölskyldur sem byggð er á Draumabjórfinum eftir Gunnar Helgason, einni vinsælustu barnabók síðari ára.

„Barna erum við að vinna nýja leikgerð, semja tónlist og skapa sannkallaða leikhúsveislu úr þessari sögu sem á alveg ótrúlega mikið erindi í dag,“ segir Magnús Geir.

Leikstjóri verksins er Stefán Jóns-



Magnús Geir Þórðarson Þjóðleikhússtjóri segir leikhúsið standa styrkum fótum þrátt fyrir krefjandi Covid ár.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Leikhúsið stendur sterkt

son, leikgerðin er unnin af Björk Jakobsdóttur, Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson fer með tónlistarstjórn og Lee Proud er danshöfundur. Á meðal þeirra sem fara með hlutverk eru Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Kjartan Darri Kristjánsson, Almar Blær Sigurjónsson, Guðrún S. Gísladóttir og Örn Arnason.

„Við erum óskaplega spennt fyrir þessu verkefni enda er hér um mikla frumsköpun að ræða en það gerist ekki á hverjum degi að sköpuð sé ný barna- og fjölskyldusýning af þessum metnaði hér á landi. Það er einvala hópur listrænna stjórnenda sem stýrir verkefninu og við trúum því að þessi sýning geti heillað börn á öllum aldri og fjölskyldur þeirra,“ segir Magnús Geir.

Síðustu tvö ár krefjandi

Magnús Geir tók við starfi Þjóðleikhússtjóra í byrjun árs 2020, aðeins nokkrum mánuðum áður en Covid

„Eins og gefur að skilja, þá grunaði mig ekki hvað fram undan væri þegar ég tók við starfi Þjóðleikhússtjóra í upphafi árs 2020.

skall á. Spurður um hvort leikhúsið sé búið að jafna sig eftir síðustu tvö hamfaraár segir hann:

„Eins og gefur að skilja, þá grunaði mig ekki hvað fram undan væri þegar ég tók við starfi Þjóðleikhússtjóra í upphafi árs 2020. Það sem við tók árin tvö þar á eftir voru sannarlega krefjandi aðstæður og

ekki óskastaða fyrir okkar leikhús frekar en önnur. Hins vegar þá er ég óskaplega stoltur af því hvernig starfsfólk Þjóðleikhússins tókst á við þessar erfiðu aðstæður og þær metnaðarfullu sýningar sem okkur tókst að skapa á þessum tíma. Við opnuðum leikhúsið í öllum glufum sem gáfust á milli samkomubanna, leituðum nýrra leiða til að hreyfa við áhorfendum og fórum með leikhúsið til landsmanna þegar þeir máttu ekki koma til okkar.“

Magnús Geir segir sannkallaðar perlur hafa orðið til í leikhúsinu á síðustu tveimur árum og nefnir meðal annars sýningar á borð við Vertu úlfur með Birni Thors í leikstjórn Unnar Aspar, framúrstefnulega uppfærslu Þorleifs Arnar Arnarssonar á Rómeó og Júlíu eftir William Shakespeare og stórsýninguna Framúrskarandi vinkona, byggða á verkum Elenu Ferrante í leikstjórn suðurafriksa verðlauna-

leikstjórans Yaël Farber.

„Eftir þessi tvö ár standa minningar leikhúsgesta um magnaðar sýningar en jafnframt endurnýjuðum við allt framhús leikhússins og veitingaaðstöðu fyrir gesti okkar, Kjallarinn gekk í endurnýjun lífdaga og okkur gafst tími til að skerpa á listrænni stefnu hússins og sækja fram í erlendu samstarfi. Þannig stendur Þjóðleikhúsið sterkt, þó þetta hafi að sjálfsgöðu reynt á starfsfólk og fjárhag. Við erum hins vegar óskaplega þakklát fyrir að hleypa nýju leikári af stokkunum án Covid-takmarkana,“ segir hann.

Hvalreki fyrir íslenskt leikhúslíf

Eitt af stærstu komandi verkefnum Þjóðleikhússins er heimsfrumsýning á þrileik eftir hið heimspekktu þýska leikskáld Marius von Mayenburg. Um stórt og metnaðarfullt verkefni er að ræða sem teygir sig yfir árið 2023 með jólafrumsýningu á Ellen Babić, Ex sem verður frumsýnt um vorið og Alveg sama, sem verður frumsýnt um haustið.

„Það er margt óvenjulegt og nýstárlegt í þessu verkefni. Hér er eitt öflugasta leikskáld samtímans, Marius von Mayenburg, sem hefur verið sýndur um allan heim og þýddur á yfir þrjátíu tungumál. Hann skrifar þrileik, þrjú ný geggjuð leikrit, flugbeitt, fyndin og áhugaverð, sem taka á mjög brýnum málum sem hafa verið ofarlega í umræðunni að undanfögnu,“ segir Magnús Geir.

Alþjóðlegt listrænt teymi tekur þátt í uppsetningunni en ástralski leikstjórinn Benedict Andrews mun leikstýra fyrri tveimur verkunum á meðan Marius von Mayenburg mun sjálfur leikstýra því þriðja. Þá mun þýski leikmyndahönnuðurinn Nina Wetzel sjá um leikmyndahönnun.

„Þetta er þvílíkur hvalreki fyrir okkar leikhús og íslenska áhorfendur. Á sama tíma er þetta nýtt form, þrileikur – hvert verk er algerlega sjálfstætt og alls ekki framhald af því sem á undan kom en þau kallast á á skemmtilegan hátt. Okkur finnst gaman að leita nýrra leiða með form og innihald,“ segir Magnús Geir.

Nánar á frettabladid.is

Tónleikar...leikar...leikar...leikar

TÓNLIST

Sálumessa

eftir Jakob Buchanan.

Flytjendur: Ragnheiður Gröndal, Club for Five, Ensemble Edge, Cantoque Ensemble, Hilmar Jensson, Anders Jormin, Magnús Trygvason Eliassen og Jakob Buchanan.

Stjórnandi: Geir Lysne
Hallgrímskirkja, Jazzhátíð Reykjavíkur
föstudagur 19. ágúst

Jónas Sen

Sagt hefur verið að í fínu lagi sé að koma of seint á tónleika í Hallgrímskirkju. Maður heyri samt fyrstu tónana. Með þessu er verið að vísa í bergmálið í kirkjunni, sem er allt of mikið fyrir ákveðnar tegundir tónlistarflutnings. Stórar hljómsveitir hljóma ekki vel þar og enn er mér í fersku minni þegar níunda sínfónía Beethovens misheppnaðist gersamlega. Hljómburðurinn skrumskældi tónlistina svo að hún varð að illskiljanlegum óskapnaði.

Requiem, eða sálumessa eftir Jakob Buchanan, sem flutt var á Jazzhátíð Reykjavíkur á föstudagskvöldið, var því miður þessu marki brennd. Hljómburðurinn bjagaði verkið svo mjög að í rauninni var erfitt að átta sig á gæðum tónlistarinnar.



Verkið Requiem eftir danska tónskáldið Jakob Buchanan var flutt í Hallgrímskirkju af einvalaliði tónlistarmanna.

MYND/JAZZHÁTÍÐ REYKJAVÍKUR

Bland í poka

Verkið var einhvers konar bland í poka, þar brá fyrir Gregorsöng, klassík, djassi og jafnvel poppi. Djassinn átti þó yfirhöndina; Stórsveit Reykjavíkur spilaði með kór og einsöngvara og inn á milli voru svokölluð sóló eins og titt er um djassinn.

Kórtextinn var á latínu, hefðbundin sálumessa rómversk-kaþólsku kirkjunnar, sem kórin söng yfirleitt af öryggi. Inn á milli voru svo persónulegri hugleiðingar á ensku um merkingu hvers kafla. Ragnheiður Gröndal söng hug-

leiðingarnar og gerði það í sjálfu sér ágætlega. Rödd hennar var þýð og mjúk, tilfinningin í túlkuninni sannfærandi. Útkoman í heild var dálítið annarsheimsleg eins og hún átti væntanlega að vera. En það var ekki nóg. Alltof mikil endurömun gerði að verkum að maður gat lítið notið söngsins.

Misgóð sóló

Sólóin komu misjafnlega út. Lúðrablastur Jakobs Buchanan var óþþýður en ekki alltaf hreinn. Kontrabassi Anders Jormin var hins vegar hnitmiðaður og flottur; sömu

sögu er að segja um gítarleik Hilmars Jenssonar. En trommuleikur Magnúsar Trygvasonar Eliassen var allt að því fáránlegur, sem var vissulega ekki honum að kenna. Nei, það var bergmálið sem lét tónana renna saman í drafandi drullupoll, miður kræsilegan.

Stórsveitin spilaði prýðilega, en aftur var það alltof mikið bergmál sem olli því að leikurinn varð að lítt sjarmerandi gny. Samspil kórsins og hljómsveitarinnar var líka mjög gruggugt.

Fábrotin umgjörð best

Eins og áður sagði er erfitt að meta almennilega gæði tónlistarinnar. Hún fékk verðlaun þegar hún kom út á sínum tíma, svo eitthvað hlýtur hún að hafa til brunns að bera. Hér kom verkið hins vegar best út þegar umgjörðin var fábrotin, bara söngur Ragnheiðar við undirspil eins eða tveggja hljóðfæra. Þar voru melódíurnar svo sannarlega fallegar og stemningin draumkennd og ljúf. Því miður voru slíkir kaflar of fáir.

Gaman hefði verið að heyra tónlistina eins og hún var upphaflega hugsuð. Greinilega voru það mistök að flytja hana í Hallgrímskirkju; afhverju varð Harpa ekki fyrir valinu? ■

NIDURSTADA: Tónlistin kom afar illa út í alltof ríkulegum hljómburði Hallgrímskirkju.

Kúrkov hlýtur verðlaun Halldórs Laxness 2022

tsh@frettabladid.is

Í gær var tilkynnt að úkraínski rithöfundurinn Andrej Kúrkov er handhafi Alþjóðlegra bókmenntaverðlauna Halldórs Laxness 2022. Kúrkov kemur til Íslands 7. september næstkomandi til að taka við verðlaununum, sem nema 15.000 evrum, frá Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra.

Andrej Kúrkov sló í gegn með bókinni Dauðinn og mörgæsin, sem gerði hann að þekktasta samtímahöfundi Úkraínumanna. Í henni fjallar hann á bráðskemmtilegan og tregafullan hátt um fjarstæðukenndan veruleika hversdagsfólks í löndum Austur-Evrópu eftir fall jarntjaldsins. Dauðinn og mörgæsin kom út í íslenskri þýðingu Áslaugar Agnarsdóttur hjá Bjarti árið 2005 og var endurútgefin 2022.

Kúrkov er afkastamikill höfundur og hafa bækur hans komið út á 42 tungumálum. Hann skrifar bæði fyrir börn og fulloröna og margar kvikmyndir hafa verið gerðar eftir handritum hans. Að Alþjóðlegum bókmenntaverðlaunum Halldórs Laxness standa Forsætisráðuneytið, Menningar- og viðskiptaráðuneytið, Íslandsstofa, Bókmenntahátíð í Reykjavík, Gljúfrasteinn og Forlagið.■

Roncadin pítsur
komnar aftur!



398
kr./pk.

Þú sækir!

Roncadin
ítalskar pítsur
350-380 g

Ítalskur kaffibolli
50 kr. hver bolli



498
kr./pk.

Lavazza kaffihylki
10 stk



459
kr./pk.

Nesquik cocokúlur
625 g



2.598
kr./kg



KS frosin lambasvið
verð áður 549 kr./kg



KS frosinn hálfur lambahryggur
Lundaparturinn
verð áður 2.998 kr./kg


BÓNUS

KS frosið
lambakjöt

Verð gildir til og með 28. ágúst eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur.

Nesti

í skólann



198
kr./pk.



Popcrop
60 g
tvær teg.

159
kr./pk.



Krambals bruschetta
70 g
þrjár teg.

398
kr./pk.



Myllan Lífskorn
450 g
þrjár teg.

1.098

kr./kg

Rauð og græn vínber



Ný uppskera

**Ný sending
aðeins betra
verð**



Netflix-þættirnir Sandman renna þessi dægrin í stríðum straumi til íslenskra áhorfenda. Neil Gaiman sérfræðingurinn Óli Gneisti segir að útilokað hefði verið að gera hefðbundna sjónvarpsþætti úr marglaga frumtexta höfundarins en er ánægður með útkomuna.

toti@frettabladid.is

„Ég tók mig til og endurlas þær sögur sem þættirnir byggja á og hef verið að hugsa töluvert um þetta,“ segir Óli Gneisti Sóleyjarsen, þjóðfræðingur með meiru, um Sandman-þættina, sem eru með því vinsælasta sem streymir frá Netflix um þessar mundir.

„Þegar þú ert að horfa á Sandman þá ertu að horfa á það sem Neil Gaiman vill sýna. Hann þarf vissulega að sannfæra peningamennina um að gefa grænt ljós en við vitum að hann er ekki að fara gera eitthvað sem hann er sjálfur ósáttur við,“ heldur Óli áfram og ekki komið að tónum kofunum hjá honum þegar Sandman og höfundarverk Gaimans yfirleitt eru annars vegar.

Óáhugaverð umræða

„Það er sjaldgæft að teiknimyndasöguhöfundar fái tækifæri til að gera sjálfir sjónvarpsþætti eftir sögunum sínum,“ segir Óli, sem fyrir níu árum gerði þátt um Neil Gaiman og Sandman í útvarpsþáttaröðinni Talblöðrunni á RÚV.

„Fyrst fékk Neil Gaiman að búa til þætti eftir bókinni Good Omens, sem hann skrifaði með Terry Pratchett. Þeir þættir voru frekar ódýrir þannig að BBC tók áhættuna og velgengni þáttanna varð til þess að hann gat sannfært Warner um að leyfa sér að búa til Sandman.“

Óli vikur síðan að umræðunni um þættina sem honum þykir óáhugaverð. „Það eru þúsundir



Tom Sturridge leikur Drauminn, Sandmanninn sjálfan, í þáttunum.



„Það vill svo vel til að ég á Absolute útgáfuna af Sandman sem er voðalega myndræn,“ segir Neil Gaiman sérfræðingurinn Óli Gneisti, sem endurlas doðrantana og mætti Sandman á Netflix þannig vel undirbúinn.

MYND/ADSEND



Dauðinn hefur tekið nokkrum breytingum frá bók yfir í sjónvarp.

gaura sem hafa aldrei lesið teiknimyndasögurnar að halda því fram að það sé verið að setja inn hinsegin persónur til að friðþægja einhverja.“

Áhugaverðar breytingar

Óli bendir hins vegar á að Sandman, eða Draumur eins og hann er kallaður, hafi alltaf átt systkin af óræðu kyni. „Þarna voru lesbíur og eftirminnileg dragdrottning. Það er bara Neil Gaiman að vera Neil Gaiman.“



Gaiman áritaði American Gods fyrir Óla í Stokkhólmi 2014.

MYND/ADSEND



Draumurinn dreifir sandi úr lófa sínum í myndasöguramma.

Sömuleiðis er verið að kvarta yfir því að persónugerving Dauðans skuli vera sýnd sem svört kona þótt það hafi alltaf verið skýrt að þessar persónur séu ekki einu sinni mennskar og hafi breytilegar birtingarmyndir eftir samhengi. Draumur sjálfur kemur fram sem köttur í þáttunum og teiknimyndasögunum. Það sem skiptir máli er að þessir leikarar eru frábærir,“ segir Óli.

„Mér þykja breytingarnar á sögunni sjálfri áhugaverðari og því miður en minna talað um þær. Það er rétt að muna að Gaiman þurfti að skila af sér mánaðarlegru sögu 75 sinnum. Hann vissi hvert hann var að fara en mig grunar að þegar á leið hafi hann séð eftir ákvörðunum sem hann tók upphaflega í tímaþröng. Þannig að þegar ég horfi ég breytingarnar sé ég hvernig Gaiman er að treysta grunninn fyrir áframhaldið.“

Batman og Jókerinn

Óli bendir jafnframt á að það séu ekki allir meðvitaðir um að Sandman gerist upphaflega í myndasöguheimi DC þar sem Superman og Batman voru fyrir á fleti og bendir á að sjálfur Jókerinn hafi upphaflega átt að vera í einni Sandman-sögunni.

„Það varð ekkert úr því þar sem DC ákvað að Jókerinn ætti að vera upptekinn við eitthvað annað. Í þáttunum er nær algjörlega búið að fjarlægja Sandman úr samhengi þessa stóra heims þannig að það er kannski eins gott að Jókerinn lét aldrei sjá sig,“ segir Óli og vikur að ákveðnum eðlisþáttum Sandman myndasagnanna.

Aldrei hefðbundinn

„Sandman getur aldrei verið hefðbundinn sjónvarpsþáttur enda eru þar margar sögur þar sem Draumur er aðeins aukapersóna eða sést bara ekki yfirhöfuð. Þar sem Gaiman þurfti að skila inn sögum mánaðarlegra var alltaf hætt á ritstíflu en með því að gera Draum að konungi sagnalistarinnar var alltaf færi á að skrifa um eitthvað allt annað ef það sagði okkur eitthvað um sögur. Sögur, miklu frekar en draumar, eru þráðurinn sem liggur í gegnum Sandman.“

Óli leggur einnig áherslu á að myndasagan sé marglaga. „Ef þú lest Sandman bara einu sinni þá ertu að missa af miklu. Í hvert skipti sem ég les hann uppgötva ég eitthvað nýtt, hvort sem það eru vísanir eða duldar merkingar.“

Stóra breytingin frá myndasögunum til sjónvarpsþáttanna liggja svo í tóni sögunnar og hvernig persónunum er sýndur meiri skilningur í þáttunum. „Þær eru gallaðar verur í grimmmum heimi. Þarna er Gaiman sjálfur búinn að þroskast og mýkjast og mér þykir það að mörgu leyti betra, sem þýðir kannski að ég sé að mýkjast.“ ■

■ Á skjánum

Klístrað æskuminningaleiftur og Woodstock-bömmerninn

odduraevar@frettabladid.is



Sunna Karen Sigurbórsdóttir fréttakona

„Það helltist yfir mig svolítil sorg þegar fréttir bárust af andláti Oliviu Newton-John á dögunum. Eins einkennilegt og það er að syrgja manneskju sem maður hefur aldrei hitt, þá hefur hún fylgt

hverri kynslóð á fætur annarri og tekist að sameina þær með sinni tæru og einlægu rödd,“ segir fréttakonan Sunna Karen Sigurbórsdóttir, þegar forvitnast er um hvað hún er helst að horfa á þessa dagana.

„Svo ekki sé minnst á Grease. Ég get ekki imyndað mér að annað mannsbarn hafi verið áhugasamara um söngleikinn en ég og þegar ég skellti myndinni í tækið nú nýverið leið mér eins og ég væri að endurupplifa barnæskuna. Besta mynd fyrr og



Sunna Karen endurupplifði æskuárin með aðstoð Oliviu heitinnar Newton-John og Johns Travolta þegar hún kíkta á Grease um daginn.

siðar, segi það og skrifa. Takk fyrir okkur, Olivia!

Næsta áhorf á eftir Grease voru Netflix-þættir um hina goðsagnakenndu Woodstock-hátið, þá síðari. Oft er talað um að Íslendingar séu þeir einu sem notast við frasann „þetta reddast“ en svo virðist sem stjórnendur Woodstock hafi ekki verið meðvitaðir um þetta þegar þeir hófu þá vegferð að endurtaka hátiðina árið 1999.

Og án þess að ljóstra of miklu upp er óhætt að segja að stjórn-

endur Viðeyjarhátiðarinnar 1984 hafi fengið uppreist æru eftir því sem þessari frásögn vatt fram. Að visu er „þetta reddast“ frasinn afstæður og sú staðreynd að „að-eins“ þrír hafi látið lífið á hátiðinni er bara talsvert „redd“ í mínum bókum.

Ílkeikja, niðurrif, vatnsleysi, rusl og hiti í bland við eiturlýfjaneyslu, gerir það að verkum að ung kona úr Reykjavík hefur enga lögungu í að heimsækja slíka hátið á næstunni. Hún mælir engu að síður eindregið með áhorfi á þættina.“ ■

FIGHT FOR FAMILY

IDRIS ELBA
BEAST

KVIKMYND EFTIR BALTASAR KORMÁK

KOMIN Í BÍÓ

HÁSKÓLA BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ


SMÁRR BÍÓ

ÁLFABAKKI
SAMBÍÓIN

SAMBÍÓIN
EGILSHÖLL

AKUREYRI
SAMBÍÓIN

KEFLAVÍK
SAMBÍÓIN



NÝTT
SPENNANDI

Kynningarafsláttur af völdum vörum













HÚSGAGNA
HÖLLIN

www.husgagnahollin.is

Sími: 558 1100

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Ástin er kraftur, heimilið er hljóðver og lífið er leikur

Tónlistarkonan Markéta Irglova fagnar nú útgáfu plötunnar „Lila“ en þetta er hennar þriðja plata í fullri lengd. Plötuna vann hún ásamt eiginmanni sínum Sturlu Míó Þórisssyni.

ragnarjon@frettabladid.is

Tónlistarkonan Markéta Irglova fagnar nú útgáfu á þriðju breiðskífu sinni sem hefur hlotið nafnið „Lila“. Markétu kannast flestir Íslendingar við eftir þátttöku hennar í söngvakeppninni fyrr á þessu ári, en hún flutti lagið „Mögulegt“ eða „Possible“ sem samið var af henni sjálfri. Einnig skráði Markéta sig í sögubækurnar árið 2008 þegar lag hennar „Falling Slowly“, sem hún samdi ásamt Glen Hansard, hlaut Óskarsverðlaun sem besta frum-samda lagið. Hún var þá einungis nitján ára gömul og varð þar með yngsti handhafi verðlaunanna frá upphafi.

Ástin sem yrkisefni
Markéta segir að lögin á plötunni séu fyrst og fremst innblásin af ástinni en hún segir að hún upplifi ástina á sérstakan hátt. „Ég er nýfarin að hugsa um ástina ekki sem tilfinningu heldur frekar eins og veru,“ segir Markéta, sem segir það eitt að upplifa ástina á rómantískan hátt eða í gegnum fjölskyldu, „en annað er að upplifa ástina sem kraft í heiminum,“ segir Markéta.

Heimilið sem hljóðver
Hún og eiginmaður hennar, Sturla Míó Þórisson, unnu saman að plötunni sem tekin var upp í Master-work Sound hljóðverinu sem þau sjálf byggðu. „Maðurinn minn sá aðallega um smíðina á meðan ég sá um innanhússhönnun þess,“ segir Markéta og heldur áfram: „Ég er mjög góð í að fara í búðir og finna fallega hluti á meðan hann er betri í að byggja hlutina,“ segir hún og hlær. „Við byggðum hljóðverið með þá hugsjón að hafa það heimilislegt, en þannig lítur stór partur af stúdíóinu út eins og heimili,“ en Markéta og Sturla búa beint fyrir neðan hljóðverið.

Lífið sem leikur
Nafn plötunnar „Lila“ kemur úr indversku, en Markéta segir að allar



Átta ár eru liðin frá síðustu plötu Markétu en sú plata nefndist MUNA.

„Ég er nýfarin að hugsa um ástina ekki sem tilfinningu, heldur frekar eins og veru.“

Markéta Irglova

þrjár plötur hennar beri fjögurra stafa nafn úr mismunandi tungumálum. „Fyrsta nafnið var á persnesku, svo var það íslenska og svo indverska tungumálið,“ en orðið Lila hafi margvíslega merkingu í indversku. „Það fyrsta sem það stendur fyrir er leikur, á sama hátt og lífið er leikur,“ segir Markéta, en orðið standi einnig fyrir gáskafullar tilviljanir sem Indverjar kalla „Lila“ augnablik. Þar sem hlutirnir fara ekki alveg eins og maður ætlaði en koma þó vel út á endanum. „Á endanum verður þetta allt eins og hlutirnir hafi verið skipulagðir af einhverjum, því allt smellur



Fjölmarginir tónlistarmenn komu að gerð plötunnar, en hún var tekin upp á heimili Markétu og Sturlu.

saman á fallegan hátt,“ segir Markéta. „Annað sem ég tók eftir er að nafnið stendur fyrir fjölubláan lit á mörgum tungumálum. Litur plötunnar er fjölublár, en litur fyrstu plötunnar var rauður á meðan sú sem kom síðast var blá,“ segir hún. „Svo er Lila einnig notað sem kvenkynsnafn og á plötunni eru svo margar sögur af konum að ganga í gegnum lífið og upplifa ástina. Þannig fannst mér þetta passa við á svo margan hátt,“ segir hún. ■

Undir töfrum Ultraflex

odduraevar@frettabladid.is

Raftvíeykið í Ultraflex, þær Katrín Helga Andrésdóttir og Kari Jahnsen, betur þekktar sem Special-K og Farao hafa gefið út nýtt lag og myndband. Lagið ber heitið „Under the Spell.“

Þær stöllur segja lagið óð til þess að brjóta af sér hlekki sjálfsvorunnar með því að setja á banger og dansa fyrir framan spegilinn og hella þannig rauðvíni yfir þig alla.

Lagið er seiðandi rafsmíð í ætt við gömul lög sveitarinnar og er lagið að finna á nýrri plötu sveitarinnar, Infinite Wellness, sem kemur út í október.

Á plötunni blandar sveitin saman alls konar tónlistarstefnum, svo sem eins og diskó, R&B, synth poppi frá níunda áratugnum, ítalskri kvik-



Nýjasta lag Ultraflex er hlaðið álagagldrum.

MYND/ÆSEND

myndatónlist frá þeim áttunda, eurodance tónlist, djassi og klassískri músík.

Sveitin er ekki síður þekkt fyrir að leggja mikinn metnað í frumleg tónlistarmyndbönd sín, en Jóhanna Rakel leikstýrir myndbandinu við lagið. Jóhanna fer jafnframt með hlutverk dularfulla partýljónsins „Yvonne Winona“ í myndbandinu, sem er sjálfstætt framhald af tónlistarmyndbandi sveitarinnar við „Never Forget my Baby“

Þær stöllur eru eitt af nýstárlegustu böndum landsins en frumraun sveitarinnar, Visions of Ultraflex, kom út árið 2020 og uppskar einróma lof og hlaut bæði Kraumsverðlaunin og Íslensku tónlistarverðlaunin, sem plata ársins í flokki raftónlistar, auk fjölda alþjóðlegra tilnefninga. ■

STÓLADAGAR

20%
afsláttur
af öllum
stólum



AVIGNON hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Brúnt, svart, dökkgrátt og rautt PVC leður.

Fullt verð: 199.900 kr.

Nú **159.920 kr.**



BUFFALO

lyftistóll - rafdrifinn

Leður á slitflötum. Hægt að halla baki. Aðstoðar þig á fætur. Brúnn, grár eða svartur. 84 x 94 x 110 cm.

Fullt verð: 229.900 kr.

Nú **183.920 kr.**



KOLDING hægindastóll með skammel

Stillanlegur hægindastóll með skemli. Svart, rautt eða grátt leður/PVC.

Fullt verð: 169.900 kr.

Nú **135.920 kr.**

CANNES hægindastóll með skammel

Vandaður, glæsilegur og þægilegur hægindastóll með þykku leðri á slitflötum á sterkum snúningsfæti. Fjórir litir; koníaksbrúnt, svart, grátt og rautt leður.

Fullt verð: 199.990 kr.

Nú **159.992 kr.**



AUSTIN rafdrifinn hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll með innbyggðum skemli. Koníaksbrúnt, svart, eða dökkgrátt PVC leður. 90 x 98 cm.

Fullt verð: 149.900 kr.

Nú **119.920 kr.**

TUCSON rafdrifinn hægindastóll

Stillanlegur hægindastóll. Leður á slitflötum. Hægt að halla til baka með skemil. Svartur, grár eða brúnn.

Fullt verð: 189.900 kr.

Nú **151.920 kr.**



Afgreiðslutími Rvk
Mán. til fös. kl. 11-18
Laugard. kl. 11-17
Sunnud. LOKAÐ

Holtagörðum, Reykjavík
512 6800
Smáratorgi, Kópavogi
512 6800

Dalsbraut 1, Akureyri
558 1100
Skeiði 1, Ísafirði
456 4566

Upplýsingar eru birtar
með fyrirvara um
prentvillur.

DORMA

Láttu drauminn rætast

Bakþankar

Önnu Sigrúnar
Baldursdóttir

Aðgát

Samfélagið á Blönduósi er í djúpri sorg eftir mikinn hörmungaratburð. Hugur minn sem og samúð, eins landsmanna allra, er hjá Blönduósingum.

Eðlilega er mikill fréttáflutningur er af þessum vofveiflegu atburðum. Nú, eins og fyrr þegar alvarlegir atburðir verða er samhlíða umræða um fréttáflutninginn sjálfan. Er hann of mikill, of ágengur, ósanngjarn eða eru fjölmiðlar að rækja sitt hlutverk eins og við, sem ekki erum í kjölsogi atburðanna, ætlumst til?

Þetta er ekki ný umræða. Sjálf minnst ég þess þegar náin vinkona fjölskyldunnar lést af slysförum og eiginmaður hennar heyrði af málinu í kvöldfréttum útvarps. Slysið var sannarlega fréttnæmt en engu hefði breytt þó fréttáflutningur hefði beðið þess að náðst hefði í allra nánustu aðstandendur. Stundum er einnig rætt um að fólk í áfalli sé ekki fært um að tjá sig og því eigi að gefa því grið. Það er gott viðmið, en fáum rennur sjálfsgagt úr minni áhrifamikið viðtal, eða öllu heldur eintal, Eiríks Inga Jóhannssonar í Kastljósi 2012, örstuttu eftir sjóslys undan Noregsströndum.

Hér takast á sjónarmið. Samfélag í sárum og nánustu aðilar þarfnast tiltekinnar nálgunar en samfélagið allt utan þess hrings annarrar. Verkefni fjölmiðla er að vega þessar þarfir og koma frá sér eins góðum og nákvæmum upplýsingum um málið og hægt er, á sama tíma og atburðunum og aðstandendum er sýnd tilhlýðileg aðgát og virðing.

Staða fólks í áfalli er afar misjöfn og það þarf sjálft að meta stöðu sína og við hin að taka tillit í samræmi við það mat.

Hið fornkeðna sannast enn: Aðgát skal höfð í nærveru sálar. ■

pappír
umhverfið
prentun

LITRÓF

UMHVERFISVÆN
PRENTUN

Vatnagörðum 14 · 104 Reykjavík
litrof@litrof.is · 563 6000 · litrof.is

Vetur kemur

66north.is